

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Hringamél og Hávamál
Jakob Lárusson sameinar hönnun
og hestamennsku. Hann smíðar
hringamél í anda goðafræðinnar.
FÓLK




FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

13. ágúst 2012
188. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt pentnaflakönnun Capacent Gallup júlí - mars 2012



Bjóða heim í raftónlist
Steindór og Kristjana halda
tónlistarveislu í stofunni á
menningarnótt.

popp 30

Misterkar stoðir

Efnahagsbatinn frá hrúni
er staðreynd, en byggir á
veikum grunni skrifar Árni
Páll Árnason þingmaður.

skoðun 16




Enginn betri en Þórir

Þórir Hergeirsson er búinn
að gera norska kvennaliðið
að heims-, Evrópu- og nú
síðast ólympíumeisturum.

sport 26

veðrið í dag



BJART eða nokkuð bjart norðan-
lands en dáltil rigning eða súld
sunnan og vestan til. Hiti víða á
bilinu 13 til 23 stig, hlýjast norð-
austanlands.

VEÐUR 4

Milljarðar í varnir fyrir sjö bæjarfélög

Framkvæmdum við snjóflóðagarða á að ljúka fyrir lok árs 2020. Áætlunum hefur seinkað um tíu ár. Ofanflóðasjóður réð yfir um 10,3 milljörðum króna um síðustu áramót. Mjög skýrt að féð er eyrnamerkt segir umhverfisráðherra.

ÖRYGGISMÁL Til stendur að ljúka við uppbyggingu snjóflóðavarnargarða í sjö bæjarfélögum fyrir árið 2020. Þegar þeim lýkur verða snjóflóðavarnargarðar í hlíðum tólf bæja víðs vegar um landið.

Ofanflóðasjóður hafði yfir að ráða um 10,3 milljörðum króna um síðustu áramót og hefur ofanflóðanefnd kortlagt helstu staði á landinu þar sem nýta á féð í varnir. Samkvæmt fjárlögum 2012 var ráðstöfunarfé sjóðsins til framkvæmda um 10 prósent af upphæðinni, eða rúmlega 1,3 milljarðar króna.

Sjóðurinn var stofnaður eftir snjóflóðin á Súðavík og Flateyri árið 1995 sem kostuðu 34 mannlíf. Síðan þá hafa verið reist varnarmannvirki á Flateyri, Siglufirði, Neskaupstað, Ísafirði, Seyðisfirði, Ólafsvík, Bíldudal og Ólafsfirði.

Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að þetta er tímabundið og tæmandi verkefni.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
UMHVERFISRÁÐHERRA

Upphaflega átti öllum framkvæmdum að vera lokið árið 2010.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir það skýrt að sjóðsféð hafi verið eyrnamerkt með lagaþingningu í kjölfar flóðanna 1995, en sé um leið hluti af ríkissjóði.

„Vegna ástandsins höfum við hægt á framkvæmdunum og fórum því hægjar á útgreiðslur. Við gerum ráð fyrir því að sjá fyrir endan á framkvæmdunum á þessum áratug. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að

þetta er tímabundið og tæmandi verkefni, en það hefur lengst nokkuð í ljósi aðgerða í kjölfar hrúnsins.“

Magnús Jóhannesson, formaður ofanflóðanefndar, segir að þó svo framkvæmdir séu ekki hafnar á öllum stöðum sé búið að ráðstafa öllu fénu í snjóflóðavarnir víðs vegar um landið. Gerðar hafi verið tillögur um framkvæmdir á Siglufirði sem geti hafist á næsta ári.

Aðrir fyrirhugaðir varnargarðar eru í kortunum á Eskifirði og Fáskrúðsfirði, sem og frekari framkvæmdir á Bíldudal, Siglufirði, Ísafirði, Neskaupstað og Patreksfirði.

Tekjur Ofanflóðasjóðs byggjast á 0,03 prósentum af brunabótamati bygginga og óx innistæða hans um milljarð á milli áramótanna 2010 og 2011.



SÍÐASTI KEPPANDI ÍSLENDINGA Kári Steinn Karlsson kemur hér í mark í maraþonhlaupinu á Ólympíuleikunum í gær eftir mikinn endaspött en hann fór úr 94. sæti í það 42. í hlaupinu sem fór fram í miðborg Lundúna.

Kári Steinn Karlsson í 42. sæti í maraþoni karla á lokadegi Ólympíuleikanna: Hljóp alla leið með stein í skónum

ÓL 2012 Kári Steinn Karlsson varð í 42. sæti í maraþonhlaupi sem fór fram í hjarta Lundúna í gær á lokadegi Ólympíuleikanna og sá til þess að leikarnir enduðu á jákvæðum nótum fyrir íslenska keppnisliðið.

Kári hljóp á 2.18:47 klst. sem er um einni og hálfri mínútu frá Íslandsmeti hans. „Á stórmótum

eins og Ólympíuleikum skiptir tíminn engu máli – það eina sem fólk vill vita er í hvaða sæti maður lenti,“ sagði Kári Steinn áttur.

Kári Steinn varð fyrir því óláni að hlaupa með steinvölu í öðrum skónum sínum alla 42 kílómetrana í gær. „Það hafði svo sem ekki mikil áhrif á mig en var bara

óþægilegt,“ sagði Kári Steinn áður en hann klæddi sig úr skónum. „Ég ætla að reyna að finna steininn og eiga hann sem minjagrip.“

Kári Steinn blóðgaðist á báðum fótum í hlaupinu, auk þess sem núningurinn fór illa með húðina. Þess má geta að hann hljóp ekki í sokkum.

- esá / sjá síðu 24

Laun sendiráðsstarfsmanna: Starfsfólki sendiráða mismunað

KJARAMÁL Íslenskir starfsmenn erlendra sendiráða njóta ekki sömu kjara og annað launafólk í landinu, skrifar Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður Bandalags háskólanna, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

„Íslenskir starfsmenn erlendra sendiráða á Íslandi búa við mismunum þegar kemur að réttindum í atvinnuleysi og fæðingarráðgjafi,“ skrifar Guðlaug.

Íslensku starfsmennirnir bera sjálfir ábyrgð á að skila tryggingagjaldi af launum sínum. Einhver erlend sendiráð hafa tekið tillit til þessa en alls ekki öll.

„Sumir starfsmenn í þessum sporum fá því hærri laun sem kostnaðinum nemur en aðrir bera hann sjálfir,“ skrifar Guðlaug enn fremur og segir brýnt að íslensk stjórnvöld taki á þessum vanda.

- bph / sjá síðu 12

Gamall draumur rættist: Meistaránám í myndlist og hönnun í boði

MENNTUN „Það hefur staðið lengi til að bjóða upp á meistaránám í myndlist við Listaháskólann og það verið í undirbúningi í fleiri, fleiri ár,“ segir Hulda Stefánsdóttir, prófessor við myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Í haust verður í fyrsta sinn boðið upp á meistaránám í hönnun og myndlist hér á landi.

Átta nemendur fengu inngöngu í námið sem hefst í ágústlok og eru þrír þeirra af erlendu bergi brotnir. Hulda vonar að þessi viðbót við námið muni setja sinn svip á listasönnu á Íslandi.

- sm / sjá síðu 30



HULDA STEFÁNSDÓTTIR

Má bjóða þér léttan kaffisopa?

INTEL PENTIUM

TOSHIBA Toshiba C850-131
Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum disk. Windows 7 Home Premium.

89.990

TÖLVU LISTINN

TAL

10 GB
Stærsta 3G net landsins
500 kr.
Svona á samband að vera.



Ragnhildur, skálaðirðu í einum ísköldum Duff þegar þú fékkst fréttirnar?

„Nei, ég er frekar vonlaus í áfengisdrykkju og fékk mér límonaði í staðinn.“

Framleiðandinn Ragnhildur Thordarson hefur verið ráðin ráðgjafi hjá teiknimyndaseríunni The Simpsons.

Safeway í Bandaríkjunum: Ólík verð fyrir viðskiptavinum

BANDARÍKIN Verslunarkeðjan Safeway í Bandaríkjunum hefur tekið í notkun persónubundið afsláttarkerfi sem byggir á upplýsingum sem fást í gegnum notkun viðskiptavina á hollustukortum fyrirtækisins. New York Times greinir frá þessu.

Í persónubundna afsláttarkerfinu getur munað þó nokkru á verði vöru milli einstaklinga sem nota hollustukortin, allt eftir því hvort viðskiptavinirnir eru taldir líklegir til að fjárfesta í vörunni eður ei. Kaupvenjur notendanna er hægt að greina í gegnum hollustukortin. - kg



LOKAHÁTIÐ Bruninn hafði ekki áhrif á lokahátíð Ólympíuleikanna sem fram fór í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurvinnsla brann í London: Slökktu eldinn fyrir lokaathöfn

LONDON, AP Tvö hundruð slökkviliðsmenn voru kallaðir út er eldur braust út í endurvinnslustöð í Austur-London um hádegi í gær.

Endurvinnslustöðin er um ellufu kílómetra frá Ólympíuþorpinu en slökkviliðið réði niðurlögum eldsins í tæka tíð fyrir lokahátíð Ólympíuleikanna sem fór fram í gærkvöldi. Eldurinn hafði því engin áhrif á Ólympíuleikana en á einum tímapunkti sást reykjarstrókur í loftinu yfir London.

Engin slys urðu á fólki og er orsök brunans ekki kunn. - áþ

Mitt Romney, forsetaframbjóðandi repúblikana, höfðar til kjósenda yst á hægri væng stjórnmálanna:

Paul Ryan valinn varaforsetaefni Romney

BANDARÍKIN, AP Paul Ryan verður varaforsetaefni repúblikanans Mitts Romney í forsetakjöri í Bandaríkjunum í nóvember. Þetta tilkynnti Romney um borð í herskipi í Virginíuríki á laugardag. Ryan hefur verið þingmaður Wisconsin í neðri deild bandaríska þingsins síðan árið 1999 en hann er aðeins 42 ára gamall.

Mikil leynd ríkti um val Romney á varaforsetaefni sínu en með Ryan innanborðs mun framboðið bjóða upp á skýran valkost á öndverðum meiði við framboð demókratanna Baracks Obama

og Joes Biden. Ryan þykir höfða meira til fólks yst á hægri væng stjórnmálanna en hann hefur meðal annars lagt til að velferðarkerfið í Bandaríkjunum verði einkavætt.

Ryan er frjálshyggjumaður og hefur lengi haldið því fram að stefna ríkisstjórnar Obama í efnahagsmálum sé röng. Hann er jafnframt helsti höfundur að tilöggu repúblikana til fjárlaga og andstæðingur umbóta Obama á heilbrigðiskerfi alríkisins.

Framboðsstjóri Obama svaraði útspli Romney með yfirlýsingu

þar sem hann sagði hugmyndir Romney og Ryan í efnahagsmálum byggja á gallaðri kenningu. Þar væri reynt að efla ríkissjóð með skattalækkunum á þá ríkari og skattahækkunum á millistéttina og eldri borgara. Formaður landsnefndar demókrata sagði að Romney og Ryan myndu endurtaka mistök George W. Bush, forvera Obama í embætti forseta. - bph

Á FRAMBOÐSFUNDI Mitt Romney og Paul Ryan leiða framboð repúblikana til forseta Bandaríkjanna gegn Barack Obama, sitjandi forseta. NORDICPHOTOS/AFP



Njála sem mun ná tæpa hundrað metra

Á Blönduósi og Hvolsvelli vinna heimamenn nú að því að sauma sín höfuðrit á refla. Njála verður tæplega hundrað metra löng og Vatnsdæla einir 46 metrar. Bæði Húnvetningar og Sunnlendingar taka sér áratug til að klára verkið.

MANNLÍF Sunnlendingar og Húnvetningar hafa nú hafist handa við að koma höfuðritum sínum á refla að hætti evrópskra miðaldamanna. Húnvetningar eru þó lengra á veg komnir með sinn Vatnsdælaurefil en ekki er enn búið að stinga nál í Njálurefil þeirra Sunnlendinga.

Húnvetningarnir tóku hins vegar fyrsta sporið þann 16. júlí í fyrra og miðar refsisaumnum vel að sögn Jóhanna E. Pálmadóttur á Akri en hún hefur forgöngu um þetta umfangsmikla verk.

„Fullsaumaður verður hann 46 metrar en nú eru búnir 3,3 metrar,“ segir Jóhanna. „Okkur liggur ekkert á, aðalatriðið er að hafa gaman meðan við komum saman og saumum.“

Hún áætlað að verkið taki um áratug og á meðan gefst tími til að huga að því hvar hýsa skuli refileinn. „Ég hef nú sagt í gríni að það ætti bara að byggja hús utan um hann. Það hefur nú oft verið byggt hús á Íslandi en aldrei verið saumaður refileinn nema þá kannski eitthvað á landnámsstíð.“

Hún hefur aldeilis notið fulltingis síns heimafólks sem er duglegt við að koma við í Textílfsetrinu í Kvennaskólanum á Blönduósi. „Ég var að taka þetta saman en við erum búin að fá 535 heimsóknir og á bak við þessa 3,3 metra liggur 947 klukkustunda saumaskapur.“

Jóhanna segir sér renna blóðið til skyldunnar en hún er komin af Ingimundi gamla, landnámsmanni þeirra Húnvetninga, í 37. lið.

Þessi myndarskapur hreyfði við Sunnlendingum svo þær Gunnhildur E. Kristjánsdóttir og Christina Bengtsson tóku sig til og fengu Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur til



MYND KOMIN Á NJÁLUREFILINN Hér eru þær Kristín Ragna Gunnarsdóttir teiknari, Gunnhildur E. Kristjánsdóttir og Christina Bengtsson með refileinn sem á aldeilis eftir að teygjast í annan endann.

Ég hef nú sagt í gríni að það ætti bara að byggja hús utan um hann.

JÓHANNA E. PÁLMAÐÓTTIR
FORGÖNGUKONA UM VATNSDÆLAREFIL

að teikna upp refileinn en hún var einmitt Húnvetningunum innan handar með sama hætti. Hann mun verða á bilinu 80 til 100 metrar og þar á bæ gefa menn sér rúman áratug til verksins. „Það fer allt eftir því hvað fólk verður duglegt að taka þátt í þessu,“ segir Christina.

Saumaskapurinn mun fara fram í Sögusetrinu á Hvolsvelli og verður fyrsta sporið tekið þann

2. febrúar næstkomandi. Sigurður Hróarsson, forstöðumaður Sögusetursins, fagnar þessu framtaki en neitar því þó ekki að stundum kæmi það sér ágætlega að búa á Kjalarnesi en ekki á Njáluslóðum en Kjalnesingasaga er stutt í annan endann.

Bæði Jóhanna og Christina segjast vona að framtak þeirra verði til þess að fólk taki við sér víða um land. „Það væri svo gaman ef heimamenn myndu refsisauma sitt höfuðrit svo allar Íslendingasögurnar verði til í þessu formi,“ segir Christina sem er frá Svíþjóð en segist bera Njála í blóðinu eftir þrjátíu ára Íslandsdvöl.

js@frettabladid.is



HORFIN Einu vísbendingarnar sem lögreglan hefur um hvarf Sigrid eru sokkur, strigaskór og farsími.

Um 1.500 ábendingar borist: Leitin að Sigrid heldur áfram

NOREGUR Vika var í gær liðin síðan hin 16 ára Sigrid Giskegerde Schetnes hvarf á leið heim til sín í Østensjø-hverfinu í Ósló. Norska lögreglan virðist engu nær um hvarf stúlkunnar en alls hafa borist um 1.500 ábendingar frá almenningi. Einu vísbendingar lögreglunnar eru sokkur, strigaskór og farsími sem fundust á leikvelli í nágrenni heimilis Sigrid.

Lýst hefur verið eftir tveimur bílum í tengslum við hvarfið en þeir sáust í nágrenni leikskólans þar sem talið er að Sigrid hafi horfið, um kortér eftir miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 5. ágúst.

Lögreglan telur ekki alla von úti um að finna Sigrid á lífi. - áþ

Auglýsing með biblíutilvitnun:

Rétttrúnaðarkirkjan keypti auglýsinguna

FJÖLMÍDLAR Í Fréttablaðinu á laugardag birtist auglýsing undir yfirskriftinni „Ef kristið fólk þegir þá talar Biblían...“ Þar var birt tilvitnun í fyrri Korintubríf Biblíunnar. Þau mistök voru gerð við birtingu auglýsingarinnar að krefjast þess ekki að auglýsandinn nafngreindi sig. Kaupandi auglýsingarinnar er Söfnuður Moskvu-Patriarkatsins á Íslandi, öðru nafni Rússneska rétttrúnaðarkirkjan. Beðist er afsökunar á mistökunum. - bj

Tveir stórir jarðskjálftar riðu yfir Íran á laugardag og jöfnuðu hús við jörðu: Yfir 250 láttnir og þúsundir slasaðar

ÍRAN, AP Tveir öflugir jarðskjálftar riðu yfir norðvesturhluta Írans á laugardag og urðu minnst 250 manns að bana. Ríkissjónvarpið í Íran sagði þúsundir til viðbótar vera særðar. Um 16.000 manns eru heimilislaus eftir skjálftana og búa nú í 5.000 neyðartjöldum.

Fyrsti jarðskjálftinn, sem varð rétt fyrir klukkan fimm að staðartíma, mældist 6,4 stig. Hann var á tíu kílómetra dýpi norður af borginni Tabriz. Seinni skjálftinn reið yfir ellefu mínútum síðar og mældist hann 6,3 stig og á svipuðum stað og dýpi. Skjálftarnir fundust víða við suðvesturströnd Kaspíahafs og öllu skelfingu meðal þeirra sem þá fundu. Um 36 eftirskjálftar fylgdu skjálftunum stóru.

Að minnsta kosti tuttugu þorp jöfnuðust við jörðu í skjálftunum og 130 þorp til viðbótar eru mjög illa farin. Fólki á skjálftasvæðinu var gert að eyða aðfaranótt sunnudagsins utandyra ef fleiri skjálftar myndu ríða yfir.

Yfirvöld í Íran óttuðust að fjöldi látinna myndi aukast því björgunarsveitir voru enn að grafa fólk úr rústunum þegar skyggja tók á laugardag. Leit var hætt í gær og athyglinni beint að heimilislausum. - bph



RÚSTIR EINAR Heilu þorpin jöfnuðust við jörðu í Íran á laugardag. Fólki var gert að gista undir berum himni aðfaranótt sunnudags vegna hættu á fleiri skjálftum. NORDICPHOTOS/AFP



Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

Heilsulausnir henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Hefst 27. ágúst

Kynningarfundur Fimmtud. 16. ágúst kl. 17:30 Allir velkomnir




HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Vertu
snjallari
með Nova!

Vertu með snjallsímamann hjá Nova!



Netið í farsímamann

Betra verð hjá Nova!

Ef þú ert með snjallsíma borgar sig að vera með netpakka.

500 MB

490 kr.

1 GB

990 kr.

5 GB

1.990 kr.

Viðskiptavinir í áskrift skrá sig fyrir netpakka í þjónustuveri Nova **519 1919** eða í næstu **verslun Nova**. Viðskiptavinir í frelsi geta keypt netáfyllingu á **nova.is**.

Netið í farsímamann (100 MB/mán.) fylgir hjá viðskiptavinum í áskrift og í frelsi ef keypt er tilboðsáfylling á **nova.is**.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**
NOVA

GENGIÐ 10.08.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	119,52 120,10
Sterlingspund	186,55 187,45
Evra	146,63 147,45
Dönsk króna	19,697 19,813
Norsk króna	20,164 20,282
Sænsk króna	17,828 17,932
Japanskt jen	1,5228 1,5318

SDR 179,97 181,05

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,4053

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Uppreisnamenn í Sýrlandi:
Vilja flugbann
á her Assads

SÝRLAND, AP Forvígismaður sýrlensku andspyrnunar í útleög kallaði í gær eftir því að alþjóðasamfélagið myndi setja flugbann á sýrlensk stjórnvöld. Stjórnarherinn hefur í æ meira mæli notað flugvélar og þyrlur til að varpa sprengjum á vígi uppreisnarmanna í borgum víða um landið.

Flugbannið myndi sýna stjórn Bashars al-Assad Sýrlandsforseta fram á alvöru alþjóðasamfélagsins. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ekki getað aðhafst í Sýrlandi vegna andstöðu Rússa og Kínverja sem beita neitunarvaldi sínu.

Arababandalagið hafði kallað til neyðarfundar allra utanríkisráðherra aðildarþjóðanna í Sádi-Arabíu vegna stríðsins í Sýrlandi og átti hann að fara fram í gær. Fundinum var frestað án þess að ástæða væri gefin upp eða ný dagsetning boðuð.

- bþ

Lenti í erfiðleikum á sundi:

Lést í Ironman-
fjölþrautinni

ÍPRÓTTIR Keppandi í sundhluta Ironman-keppninnar í Bandaríkjunum lést á laugardag. Samkvæmt skipuleggjendum keppninnar lenti keppandinn í einhvers konar erfiðleikum á hinu tæplega fjögurra kílómetra langa sundi í Hudson-fljóttinu milli New York og New Jersey og var úrskuaður látinn á sjúkrahúsi skammt frá.

Ekki er vitað nánar um dánarorsök mannsins. Í Ironman-fjölþrautinni er keppt í sundi, hlaupi, hjólreiðum og fleiru. „Við hörmum dauða hans og sendum samúðarkveðjur til vina og vanda-manna,“ sagði Emily Vicker, talsmaður keppninnar.

- kg

4

Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir vígð til embættis vígslubiskups við hátíðlega athöfn í Hóladómkirkju:

Önnur konan sem tekur biskupsvígslu á Íslandi

ÞJÓDKIRKJAN Séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir var vígð til embættis vígslubiskups á Hólum í gær. Athöfnin fór fram í Hóladómkirkju en það var biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, sem vígði sr. Sólveigu Láru til embættis.

Vígsluvottar voru sr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson, biskup á Hólum, og sr. Kristján Valur Ingólfsson, biskup í Skálholti, ásamt sex erlendum biskupum, sr. Gylfa Jónssyni og djáknanum Unni Halldórsdóttur. Kórar Hóladómkirkju og Möðruvallaklausturs-

prestakalls sungu í vígslunni en organistar voru Jóhann Bjarnason og Sigrún Magnea Þorsteinsdóttir.

Sr. Sólveig Lára var kjörin vígslubiskup á Hólum í júní síðastliðnum en hún tekur við starfi þann 1. september. Hún var sóknarprestur á Möðruvöllum í Hörgárdal í 12 ár en áður þjónaði hún sem sóknarprestur á Seltjarnarnesi í 14 ár og þá var hún fyrsta konan sem kjörin var sóknarprestur í almenntri prestakösinu á höfuðborgarsvæðinu.

- áþ



MIKIÐ UM DÝRÐIR Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir, vígði sr. Sólveigu Láru til embættis. MYND/ÞJÓDKIRKJAN

Útgerðarmönnum á
Grænlandi misboðið

Útgerðarmenn á Grænlandi endurmeta samskiptin við Ísland eftir að ríkisstjórnin bannaði löndun á makríl sem veiddur er í grænenskri lögsögu. Tvö skip frá kínversku ríkisfyrirtæki hafa leyst íslensku skipin af hólmi á miðunum.

SJÁVARÚTVEGUR Forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja með umsvif á Grænlandi segja ákvörðun Íslendinga að banna löndun makrils sem veiddur er í grænenskri lögsögu ögrandi og grimmdarlega.

„Grænenska þingið á eftir að staðfesta samning við Ísland um nýtingu úr sameiginlegum grálúðustofni en ég myndi ráðleggja heimastjórninni hér að semja ekki við Ísland eftir þessa útreið,“ segir Henrik Leth, stjórnarformaður Polar Seafood.

Í tilkynningu á vef sjávarútvegsráðuneytisins segir að vegna þessara samninga hafi verið mögulegt að auka aflamark á grálúðu um 1.700 tonn.

Leth segir enn fremur að skip Polar Seafood landi oft í íslenskum höfnum en þá venju verði jafnvel að endurskoða í ljósi síðustu tíðinda. „Það kemur sér vel að landa á Íslandi en þessi grimmdarlega aðgerð gegn Grænendingum vekur með manni ugg,“ segir hann.

Jens Bisgaard, útgerðarstjóri Royal Greenland, tekur í sama streng. Það fyrirtæki hefur hafið samstarf við kínverskt ríkisfyrir-



FRÁ HÖFNINI Í NUUK Það er ekki hugsað hlýlega til Íslands í höfninni í Nuuk.

NORDICPHOTOS/AFP

Það kemur sér vel að landa á Íslandi en þessi grimmdarlega aðgerð gegn Grænendingum vekur með manni ugg.

HENRIK LETH

STJÓRNARFORMAÐUR POLAR SEAFOOD

tæki, sem hann vill ekki nefna, og nú halda tvö kínversk skip á makrílveiðar í grænensku lögsögunni. Hann segir stefnt að því að veiða að minnsta kosti 20 þúsund tonn. Þar að auki er Polar Seafood að kalla til eitt skip frá Suður-Amer-

íku en svo hefur það annað skip sem er nú þegar á makrílveiðum við Grænland.

Fríðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir að eftir því sem Grænendingar afli sér meiri veiðireynslu á makríl verði samningsstaða Íslands erfiðari þegar kemur að því að semja um makrílveiðar úr sameiginlegum stofni. Afstaðan byggist því eingöngu á því að tryggja hagsmuni Íslands.

„Það kemur ekkert á óvart að Grænendingar skuli leita leiða til að veiða þennan makríl, hvort það eru svo Kínverjar eða aðrir, ég hef ekkert um það að segja,“ segir hann.

jse@frettabladid.is

Fundur í norðurhluta Kenía:
Þriðja tegund
manns fundin

VÍSINDI Rannsóknir á steingervinum frá norðurhluta Kenía benda til þess að fundin sé ný ættkvísl manna sem lifðu í Afríku fyrir um tveimur milljónum ára. Uppgötvunin bendir því til þess að þrjár ótengdar tegundir manna hafi lifað á sama tíma, án vitneskju um hverja aðra.

Formaður hópsins sem gerði uppgötvunina, Dr. Meave Leakey, segir í frétt BBC að fundurinn setji kenninguna um línulega þróun apa til manns í nýtt samhengi; um mun meiri fjölbreytni hafi verið að ræða en menn hafa talið lengi vel.

- shá

Fyrsta gifting Siðmenntar:
Giftu sig fyrir
gleðigönguna

FÓLK Fyrsta gifting samkynhneigðra sem athafnarstjóri hjá Siðmennt stýrði átti sér stað á laugardaginn, 11. ágúst, þegar Jana Björg Ingadóttir og Jóhanna Kristín Gísladóttir giftust að morgni dags rétt fyrir Gay Pride gönguna. Hörður Torfason, einn af 15 athafnarstjórum Siðmenntar og handhafi húmanistavíðurkenningar félagsins 2010, sá um athöfnina.

Frá árinu 2008 hefur Siðmennt boðið upp á allar félagslegar tímamótaathafnir fjölskyldna á veraldlega vísu.

- kg

BJÖRGUN

Björgunarveitir ræstar út

Björgunarveitir í Borgarfirði voru kallaðar út í gærkvöldi í leit að stúlku sem hafði orðið viðskila við ferðafélaga sína í hestaferð í Langavatnsdal. Klukkutíma síðar var aðstoð björgunarveita hins vegar afturkölluð er stúlkan fannst heil á húfi.

TÍMI
TIL
AÐ
TÍNA!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
veður-
fréttamaður

HLÝNDI
FRAMUNDAN

Það lítur út fyrir hlýjar austlægjar áttir á landinu næstu daga. Smám saman dregur úr úrkomu sunnanlands og léttir þar til um miðja viku en á sama tíma dregur heldur úr sólskini norðanlands.

Á MORGUN
Strekkingur með S-
ströndinni annars
hægari.



HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	27°
Berlín	21°
Billund	20°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	25°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	20°
Las Palmas	28°
London	20°
Mallorca	30°
New York	29°
Orlando	34°
Ósló	22°
París	25°
San Francisco	23°
Stokkhólmur	19°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

SUMARDAGAR RÚMGOTT

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!


RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

- Finnurðu fyrir eymslum í mjóbbaki?
- Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
- Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
- Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
 - hryggskekkju
 - brjósklos
 - samföllnum hryggjaliðum
 - spengdum hryggjaliðum
 - gigt, til dæmis:
 - slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

Vertu örugg/ur
Komdu í greiningu



Heilsurúm á tilboði

VERÐDÆMI:
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: 70.224
Tvíbreitt: 129.336

FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg
rafmagnsrúm á
Frábæru verði



Einbreið rafmagnsrúm:
Verð frá 190.049.-

Tvíbreið rafmagnsrúm:
Verð frá 346.995.-

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing
– Eingungis greiðist lántökugjald

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
**Rúm
Gott**
ÍSLENSK HEILSURÚM

Stundakennari við guðfræðideild Háskóla Íslands laug til um doktorsprófið:

Prófskírteinis krafist hjá öllum

MENNTUN „Héðan í frá munum við krefjast þess að sjá prófskírteini hjá öllum stundakennurum sem verða ráðnir eins og líka þeim sem hingað til hafa kennt hjá okkur. Við verðum greinilega að gera það til að tryggja algjörlega að þetta endurtaki sig ekki,“ segir Ástráður Eysteinnsson, forseti hugvísindasviðs Háskóla Íslands, en stundakennara við guðfræðideild skólans hefur verið gert að hætta.

Stundakennarinn, sem hafði kennt við deildina, hélt því fram að hann væri með doktorspróf en í ljós kom að hann hafði aldrei

lokið slíku námi. Kennarinn mun eftirleiddis ekki starfa við Háskólann. Hann hefur boðist til að endurgreiða ofgreidd laun vegna prófsins sem hann hafði ekki og verður því ekki kærður.

Ástráður segir um 2.000 manns koma að stundakennslu við Háskólann á ári hverju, því sé það ákvörð-

un hvers sviðs fyrir sig hversu langt sé seilst í að krefjast staðfestingar á menntun.

„Sumir kenna einungis örfáa tíma á ári en aðrir bera ábyrgð á heilum námskeiðum eða stórum hluta þeirra. Hér á hugvísindasviði eru þetta um átta til níu tíu manns á ári og því viðráðanlegt verkefni, en sviðsforsetarnir eiga eftir að ræða þetta mál sameiginlega þegar skólastarfið fer í gang. Ég heyri það á rektor að hún telur nauðsynlegt að setja stífar reglur í ljósi þess sem hefur gerst,“ segir Ástráður Eysteinnsson. - kg



ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON

KJÖRKASSINN



Finnst þér verð á lambakjöti sanngjart?

JÁ 25,7%
NEI 74,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tínir þú sveppi eða ferð í berjamó á haustin?

Segðu skoðun þína á visiris

visir



SKARFAR Varpútbreiðsla skarfs hefur dregist saman en þeir hafa helgað sér land á Vestfjörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um 60 hreiður á Ströndum:

Dílaskarfi vex ásmegin vestra

NÁTTÚRA Dílaskarfur hefur náð góðri fótfestu í Strandabyggð og blómleg byggð þessa tígulega fugls fer nú stækkandi. Fréttavefurinn strandir.is segir frá.

Aðalvarpstaðir dílaskarfs eru í Breiðafirði og Faxaflóa og lítið sem ekkert utan þeirra svæða en ekki er vitað um annað dílaskarfsvarp á Ströndum.

Í sumar eru þarna á sjötta tug hreiðra en talið var að um 25 hreiður hefðu verið þar í fyrra.

Þetta er líka merkilegt í því ljósi að varpútbreiðslan hefur dregist saman og fuglinn er nú horfinn af Norðurlandi og öðrum eldri varpstöðvum. Dílaskarfur er algengur varpfugl víða um heim, bæði á norður- og suðurhveli jarðar, segir á vef Fuglaverndar. - shá

HJÁLPARSTARF

Metur ástand vegna kóleru

Kristjón Þorkelsson, sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum, hélt til Sierra Leóne í gær á vegum Rauða krossins til að meta alvarlegt ástand vegna kólerufaraldurs í landinu og finna leiðir til úrbóta.

JARÐHRÆRINGAR

Órói við Mýrdalsjökul

Nokkur skjálftavirkni var í og við Mýrdalsjökul í gær. Jarðskjálfti upp á 2,7 stig var norður af Goðabungu í gærmorgun. Lítil órói var í Mýrdalsjökli í kjölfarið en ekki er vitað til þess að leiðni í ám hafi aukist.

Súðavík þarf að bera kostnað af eldunum

Sveitarstjóri í Súðavíkurbreppum telur kostnað vegna gróður- og jarðvegselda vera kominn upp í 7 milljónir. Það jafngildir 10% af heildarskatttekjum sveitarfélagsins. Tíu hektarar eru brunnir en rigningar um helgina auðvelduðu slökkvistarfi.

STJÓRNSÝSLA Súðavíkurbreppur ber allan kostnað af slökkvistarfi í Laugadal í Ísafjarðardjúpi. Þar hafa logað eldar síðan fimmtudaginn 2. ágúst og eru um tíu hektarar lands brunnir og auðnin ein. Hátt í sextíu menn hafa barist við eldana síðan þeirra varð vart.

„Það er allt brunnið,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavíkurbreppum. „Þarna brennur næstum allt sem getur brunnið. Undir eru klappir og á miklu svæði er allur eldsmatur búinn. Eftir stendur hrjóstrugt svæði.“

Ómar gerir ráð fyrir að nú sé hægt að slökkva eldana endanlega því rígt hefur um helgina og vind hefur lægt. „Nú teljum við að við séum á lokasprettinum og vorum við til dæmis ekki með vakt í fyrri-nótt. Það skiptir sköpum að það hafi lyngt.“

Hann segir næstu skref vera að kanna hvað gerðist og fara yfir kostnaðinn við slökkvistarfið. Þá verður kannað hvort eitthvað fái úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga upp í þennan kostnað.

„Í fyrsta lagi viljum við komast að því hvað gerðist þarna og hvernig það vildi til, gáleysi eða annað. Ég tel að við förum í það í næstu viku að elta það uppi. Það eru vitni sem hittu þá sem við teljum að hafi kveikt þennan eld. Við teljum mikla ástæðu fyrir því að komast að uppruninum. Ég tel að við séum kominn með kostnað upp á sjö milljónir. Það er auðvitað verulega íþyngjandi fyrir lítið sveitarfélag með skatttekjur upp á 70 milljónir.“

Því muni Súðavíkurbreppur láta reyna á 11. grein reglugerðar um jöfnunarsjóð. Þar er heim-



SLÖKKT Slökkviliðsmenn hafa barist við eldana í meira en viku. Rigningar og logn hjálpuðu mikið við slökkvistarfi um helgina. MYND/HAFPÓR GUNNARSSON

Engin viðbragðsáætlun til staðar

„Slökkviliðin hafa farið í gegnum gríðarlegt lærdómsferli en engin viðbragðsáætlun var til staðar sem hægt var að vinna eftir. Eftir situr mikill lærdómur um það hvernig á að takast á við jarðvegselda.“

Meðal annars var notast við haugsugur, þýla Landhelgisgæslunnar tók þátt og grafinn var skurður til að hamla útbreiðslu eldsins.

Ómar segir að gerð verði skýrsla um hvernig slökkvistarfið gekk. „Eftir eigum við að sitja með lærdómsrit sem mun nýtast okkur og öðrum sem geta átt á hættu að þurfa að bregast við sambærilega elda.“

ild til innanríkisráðuneytisins til að veita sveitarfélögum aukafjármagn þurfi þau að bera mikinn kostnað vegna óvæntra en lögbodinna verkefna.

„Við teljum allar forsendur fyrir því að þessi 11. grein verði virkjuð

í okkar tilfelli. Okkur er ekki kunnugt um að þessi grein hafi áður verið nýtt,“ segir Ómar.

Beiðni hefur ekki verið lögð inn formlega en málið er nú þegar komið óformlega inn á borð ráðherra. birgirh@frettabladid.is



ÓMAR MÁR JÓNSSON

Sjö fíkniefnamál á Dalvík:

Alsæla fannst á Fiskideginum

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Dalvík handtók mann með 20 töflur af alsælu og nokkur grömm af kókaíni aðfaranótt sunnudags. Þá lagði lögreglan einnig hald á um þrjátíu pakkningar af efnum, meðal annars marjúána og amfetamíni, aðfaranótt laugardags en efnin voru ætluð til sölu.

Alls komu sjö fíkniefnamál upp á Dalvík yfir helgina. Nokkuð fjölmenni var þar vegna Fiskidagsins mikla. Að öðru leyti fór skemmtanahalda vel fram og engar líkamsárásir kærðar. - kg

Segir dýrbitnu fé fjölga:

Vill afnema refaveiðibann

DÝRALÍF Ásmundur Einar Daðason alþingismaður segist vilja að refaveiðibann verði afnumið á öllum landsvæðum og að einu sameiginlegu kerfi verði komið á varðandi veiðarnar sem ríkið færi með. Nú hefur hvert og eitt sveitarfélag frjálsar hendur varðandi það hversu mikið það greiðir fyrir veiðarnar.

Ásmundur segist vonast eftir stuðningsmönnum úr öllum flokkum við þingsályktunartilöggu sína sem er þessa efnis.

Fréttablaðið hefur nýlega sagt frá tófuskuttum í Skagafirði, Hrutafirði og Borgarfirði sem bar öllum saman um að tófunni fjölgaði og að hún væri farin að færa sig nær mannabyggð. - jse



ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON

Áhyggjur af fuglum ofmetnar: Gæsir sveigja frá vindmyllum

VÍSINDI Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að flestir gæsaþópar sveigja fram hjá svæðum þar sem mikill fjöldi vindmylla hefur verið reistur.

Þetta gæti slegið á áhyggjur af áhrifum vindmylla á fuglalíf að mati þeirra sem stóðu að rannsókninni, sem BBC ræðir við.

Fjölmargar vindmyllur hafa rísið úti fyrir ströndum Bretlands. Á síðustu fjórum árum hafa vísindamenn sem fylgst hafa með gæsum séð miklar breytingar á flugleiðum fuglanna. Stærstur hluti fuglanna sveigir frá svæðinu, en þeir sem á annað borð fara yfir hækka flugið til að forðast spaða vindmyllana. - bj

Leik- og framhaldsskólar geta nú tekið þátt í Olweusarverkefninu:

Olweusarverkefnið breiðist út

SAMFÉLAGSMÁL Leik- og framhaldsskólum býðst nú að skrá sig í Olweusaráætlunina en hingað til hefur aðeikns grunnskólum boðist slík þátttaka. Búið er að prófa áætlunina í Fjölbrotaskóla Suðurlands og leikskólanum Eyrarskjóla í Ísafirði og hefur starfið gengið vel.



ÞORLÁKUR H. HELGASON

„Reynslan að fara með þetta niður í leikskóla er mjög góð. Krakkarnir læra að tileinka sér samskipti sem leiða ekki til eineltis og varna því að þau verði sjálf fórnarlömb. Þau læra að sýna þolinmæði og skilning,“ segir Þorlákur H. Helgason, framkvæmdastjóri Olweusaráætlunarinnar.

Vandamálín sem börnin glíma við eru einnig auðveldari þegar þau er svona lítil og þess vegna er betra að byrja snemma. „Þeim mun yngri sem þau fara af stað, þeim mun auðveldara er fyrir þau að tileinka sér þessi samskipti,“ segir Þorlákur.

Hann segir einnig mikilvægt að framhaldsskólar fylgi Olweusaráætluninni. „Margir nemendur í framhaldsskólum eru vanir Olweusaráætluninni og vilja halda áfram að fá þann stuðning.“ - ktg



FRAMHALDSSKÓLI Margir nemendur eru vanir því að Olweusarverkefni sé starfrækt í skólanum. Það veitir þeim ákveðið skjól, sem ekki er til staðar þegar þau fara í framhaldsskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALU

KRYDDSMJÖR

tvær nýjar bragðtegundir!

NÝ BRAGÐTEGUND - SÍTRÓNA OG KARRÍ

NÝ BRAGÐTEGUND - BÉARNAISE

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Helga og Guðjón, garðyrkjubændur á Melum, eru bæði alin upp við garðyrkju og grænmetisrækt. Auk þess að vera með fjölbreytta tómataræktun allt árið, rækta þau kál af ýmsu tagi, m.a. blómkál. Grænmetið er ræktað með vistvænum aðferðum, handtýnt og handskorið. „Hér á landi notum við auðlindir jarðar við garðyrkjuna,“ segir Helga, stolt af uppskerunni.



islenskt.is

FRÉTTASKÝRING: Netaveiði á laxi í Ölfusá og Hvítá

Laxapurrdö kastar ljósi á netaveiði

Hópur netaveiðibænda í Ölfusá og Hvítá mælist til þess að allir netabændur á svæðinu taki net sín upp það sem eftir lifir sumars eða dragi úr sókn. „Virðingarvert“, segir Veidimálastofnun á meðan Árni Baldursson, forstjóri veiðifélagsins Laxár, gefur lítið fyrir rök og ákvörðun netabænda.

Síðastliðinn miðvikudag fundaði hópur netaveiðiréttaha í Ölfusá og Hvítá með Magnúsi Jóhannssyni, sviðsstjóra hjá Veidimálastofnun. Þar var ástand fiskistofna á svæðinu rætt í ljósi sárlega lítillar veiði, bæði í net í Ölfusá og Hvítá og á stöng í hliðaránum ofar í vatnakerfinu. Ákvað fundurinn samhljóða að láta laxastofna á svæðinu njóta vafans og stuðla að því að fleiri laxar nái að hrygna með því að mælast til þess að net yrðu tekin upp eða verulega dregið úr sókn.

Haraldur Þórarinnsson, netaveiðibóndi á Laugardælum, segir að hópurinn telji það skyldu sína að varðveita árnar og gæta þess að þær nýtist til stangveiði eins og hún nýtist til netaveiði. „Við veiðum stóran fisk í bland við smálax framan af sumri. Núna, í lok júlí, virðist hins vegar smálaxinn ekkert vera að láta sjá sig. Svo virðist sem vanti 70 til 80% af árgamla fiskinum í árnar og því bregðumst við svona við.“

Snemmsumarsveiði í net á vatnasvæðinu hefur verið gagnrýnd harðlega með þeim rökum að nauðsynlegt sé að hleypa stærsta fiskinum upp á hrygningarsvæðin og fresta því netaveiðum um tvær til þrjár vikur.

Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur í þrjúgang fellt tillögur þess efnis að netaveiði í Hvítá og Ölfusá verði seinkað um tvær vikur. Stjórn veiðifélagsins hefur síðustu ár verið harðlega gagnrýnd fyrir netaveiðarnar en hún samþykkti einróma á síðasta aðalfundi að heimila þær. Það skal þó tekið fram að ákvörðun netaveiðibænda núna tengist ekki veiðifélaginu með beinum hætti en það samanstendur af eigendum og ábúendum jarða og eigenda landa sem veiðirétt hafa í fimmtán ám; Ölfusá, Soginu, Ásgarðslæk, Höskuldslæk, Hvítá, Fossá, Dalá, Brúará, Hagaósi, Hólaá, Tungufljóti neðan Faxa, Fullsælum, Andalæk, Litlu-Laxá og Stóru-Laxá.

Árni Baldursson, hjá Lax-á, hefur verið fremstur í flokki þeirra sem gagnrýna netaveiðarnar, en Lax-á er bæði leigutaki Stóru-Laxár í Hreppum, Tungufljóts og veiðisvæða í Soginu. „Ákvörðunin snýst um að draga úr veiðisókn; þetta er ekki ákvörðun um að taka netin upp heldur aðeins að þeir geri það sem vilja. Aðrir geta eftir sem áður stundað veiðar af krafti. Ánum er að blæða út á þessu svæði; svo stóran toll hafa kvótalausar netaveiðar tekið af hrygningarstofnum í uppám Árnessýslu. Það mun



LAX Stangveiddur lax er mun verðmætari en sá netaveiði. Hins vegar eru hagsmunir netabænda miklir þar sem villtur lax er eftirsóttur og í háu verði.

FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

taka áratug að byggja þetta svæði upp. Það er ekki seinna vænna en að byrja strax, taka upp öll net og hefjast handa,“ segir Árni í viðtali við Fréttablaðið.

Spurður um hvort þessi gagnrýni sé ekki réttmæt í ljósi ákvörðunar netabænda í vikunni svarar Haraldur því til að netaveiðin hefjist ekki fyrr en bróðurparturinn af stóra

laxinum sé þegar genginn. „Það er svolítið lamið á okkur netaveiðimönnum, en þegar öllu er haldið til haga þá verður netum ekki kennt um laxapurrdöina núna. Þetta ástand er í ám um allt land, þar sem ekki er veitt í net. Án þess að vilja deila við stangveiðimenn má samt spyrja á móti hvort ráðlegt sé að lemja stanslaust á fiskinum þegar hann er lagstur á hrygningarsvæðin, öfugt við það að við tökum fiskinn þegar

hann er að hlaupa á milli svæða. Á ekki að hætta fyrir að veiða á stöng í ánum?“

Haraldur segir að ekkert hafi verið rætt um komandi sumar í samhengi við áskorunina um að hætta, eða draga úr, netaveiðinni í sumar. Hann segir að mikil ásókn sé í villtan lax og hagsmunir netaveiðibænda séu miklir, ekkert síður en stangveiðimanna og því vilji þeir taka þetta skref núna.

Árni bendir á að netaveiðar Veiðifélags Árnesinga séu einu kvótalausar veiðar á fiski á Íslandi; menn mega taka eins mikið og þeim er unnt að draga að landi, samkvæmt verklagsreglum stjórnar veiðifélagsins. „Þetta er algerlega fáheyrt. Laxinum er hreinlega slátrað, útrýmt vil ég segja, af 20 til 30 landeigendum af þeim 260 sem eru aðilar að veiðifélaginu og eiga hagsmuna að gæta. Þessi litli hópur tekur helming alls afla á vatnasvæðinu og skilja helminginn eftir til skiptanna fyrir alla hina. Laxinn á engu að síður heimkynni sín í uppám Árnessýslu en er drepinn á leið sinni þangað þar sem hann á sér það eina markmið að viðhalda stofnstærð sinni. Stjórn Veiðifélags Árnesinga hefur að engu haft ákvörðun Veidimálastofnunar um að ekki skuli drepa tveggja ára laxinn.“

Árni segir að endurheimtur á merkjum á laxi úr Brúará og Sogi sýni að um 70 prósent af göngunni sem þá var á ferðinni í ánum lentu í netum niðri í Ölfusá eða Hvítá. „Þetta gefur vísbendingu um blóðtökuna; hún er óheyrilega mikil,“ segir Árni.

Magnús Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Veidimálastofnun, segir að ákvörðun netabænda að bregðast við lítilli veiði sé virðingarvert.

„Það kemur á óvart hversu veiðin er slök, sérstaklega í netin. Það bendir til þess að fiskgengdin sé lítil þó það sé ekki bundið við þetta svæði,“ segir Magnús.

Um gagnrýni á snemmsumarsveiði tekur Magnús undir það að stóri laxinn sé betri hrygningarfiskur og því mæli Veidimálastofnun með því að honum sé hlíft. Um seiðabúskap Ölfusár/Hvítársvæðisins segir Magnús hann hafa verið frekar slakan. „Þó hefur hann farið upp á við síðustu ár og tengst því að meira af laxi hefur hrygnt.

Ég átti von á því að veiðin yrði betri miðað við þann seiðabúskap sem átti að standa undir veiðinni í sumar. Hafið virðist vera að bregðast okkur, sýnist mér. Svo kann að spila inn í hversu kalt vorið var í fyrri. Það hefur áhrif á þroska seiðanna og ekki loku fyrir það skotið að hluti seiðanna hafi ákveðið að bíða eitt ár. Það er von okkar en það getur líka verið hættulegt því mikil afföll geta orðið árið sem bætist við í ánum.“

ÁRNI BALDURSSON
FORSTJÓRI LAX-ÁR

Svarar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á sverrum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfriðum.

Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinnuáhrifastöðum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.

Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað öfyr aldrei. Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

**NÝI
ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRDUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



3.515 laxar veiddir í net sumarið 2011

- Engar netaveiðar á laxi eru heimilaðar í sjó hér við land og því er öll laxveiði í fersku vatni. Fjöldi neta er takmarkaður og netaveiði á göngufiski má ekki stunda frá föstudagskvöldi kl. 22 til þriðjudagsmorguns kl. 10.
- Sumarið 2011 veiddust á Suðurlandi 8.499 laxar í net. Flestir þeirra veiddust í Þjórsá, 4.945 laxar, 2.252 í Hvítá í Árnessýslu og 1.263 í Ölfusá.
- Meðaltal netaveiddra laxa á Íslandi frá 1974-2011 eru 12.131 lax. Í dag er sú veiði nær eingöngu í Hvítá/Ölfusá auk Þjórsár, þar sem veiðin hefur verið mest undanfarin ár. Engin laxveiði er stunduð á Þjórsársvæðinu að kalla.
- „Ekki hefur verið gripið til markvissra aðgerða til að minnka veiði á stórlaxi í netaveiði. Þar er augljóslega erfitt um vik við að sleppa laxi og vænlegast að draga úr veiðilagi á þeim með því að byrja veiði seinna sumars en nú er gert en þekkt er að stórlaxar eru að ganga fyrir á sumrinu en smálaxar.“

HEIMILD: LAX- OG SILUNGSVEIÐIN 2011, VEIÐIMÁLASTOFNUN.

Electrolux
EWF-146310W Þvottavél
 Mest seldi þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bílanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.

- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
- ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ Tímaskjár
- ✓ Ófnæmisskölun möguleg
- ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ Verð áður kr 99.900

1400 SNÚNINGA
HRADVAL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 89.900 SPARAÐU 10.000

Electrolux
 Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 8 mismunandi þurrkerfum fyrir nær allar gerðir af fatnaði.

- ✓ Rafmagns- og tímasparnaður með fullkomnum rakaskynjara. Stöppar þegar þvotturinn er orðinn þurr
- ✓ Hljóðlátur
- ✓ Sérkerfi fyrir viðkvæman fatnað og ull
- ✓ Stór 43x33 cm stór lúga
- ✓ Krumpuvörn og niðurræling á taui
- ✓ Hljóðmerki í lok þurrks (valkvætt)
- ✓ Auðveld vatnslosun í niðurfall eða tank
- ✓ Tekur allt að 7 kg. af taui
- ✓ Fullt verð kr 109.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 89.900 SPARAÐU 20.000

BARKALAUS
RAKASKYNJARI

Electrolux
EWF-167583W Hraðþvottavél
 Nýtt! Láttu þvottavéliná léttu þér vinnuna við að strauja fötin með gufukerfi sem sléttir úr krumpum

- ✓ Hraðval 30-70% tímasparnaður á algengum kerfum.
- ✓ Kolalaus hljóðdeyfður gæðamótor sem endist lengur
- ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
- ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
- ✓ LCD Tímaskjár og snertitakkar
- ✓ A++/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
- ✓ XXL 33 cm hurðarop
- ✓ Mjög þægilegt notendaviðmót
- ✓ Verð áður kr 159.900

7 KG
1600 SNÚNINGA
AAA EINKUNN
GUFUKERFI

TOPPMÓDEL!
KOLALAUS MÓTOR
 lengri ending - hljóðlátari

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 139.900 SPARAÐU 20.000

AEG
F-45010WO uppþvottavél
 Hljóðlát og vel búin uppþvottavél með sjálfvirku aðalkerfi sem stýrir tíma, vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa

- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, sjálfvirkir kerfi 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skolun
- ✓ Sveigjanleg innrétting sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diskastöðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
- ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
- ✓ A/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvotta gæði og þurrkun.
- ✓ Verð áður kr 129.900

AAA EINKUNN
HLJÓDLÁT 47 dB
0000
AQUA STOP

STÁL KR 109.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 99.900 SPARAÐU 30.000

Electrolux
ERB-36233X Kæli- og frystiskápur stál
 Glæsilegur stór kæli- og frystiskápur með nægu rými, vandaðri innréttingu og Fresh Zone skúffu

- ✓ Fingrafararfrítt stál. Tilboð gildir t.o.m. 31 ágúst
- ✓ HxBxD: 185 x 59,5 x 60 cm.
- ✓ Fullt verð Kr. 159.900

185 CM HÁR

KYNNINGARVERÐ KR. 119.900 SPARAÐU 40.000

exquisit
KS-251RVA Kæliskápur
 Stór og rúmgóður 250 lítra kæliskápur með 5 glerhillum og stórra grænmetisúffu.

- ✓ Sjálfvirk affrysting. Tilboð gildir t.o.m. 31 ágúst
- ✓ HxBxD: 144 x 55 x 56 cm
- ✓ Verð áður kr 69.900

144 CM HÁR

KYNNINGARVERÐ KR. 59.900 SPARAÐU 10.000

VERÐVAKT RAFHA

% VERÐVAKTIN
 Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!

Electrolux
ZE-310 Ryksuga með 13 metra vinnuradius
 Náðu lengra með þessari frábæru ryksugu frá Electrolux. 1800W mótor og 330W sogkraftur.

- ✓ Hentar á öll gólf og með parkethjólum.
- ✓ Notar S-Bag örtrefjapoka
- ✓ Stillanlegur sogkraftur og skaft
- ✓ Óragnasía
- ✓ Fullt verð 24.990

13M VINNURADIUS
HLJÓDLÁT

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 16.990 SPARAÐU 8.000

AEG
HK-764020FB Keramik helluborð 72 cm
 Glæsilegt þýskt keramik helluborð með fösuðum aflíðandi glerkantí á öllum hljóðum. 4 High Light hraðhellur þar af tvær tvöfaldar

- ✓ Direct Touch snertitakkar með beinvali
- ✓ Tímastillir með niðurtalningu og hringingu
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Sjálfvirk suðutækni minnkar hitann eftir að suðan er komin upp
- ✓ Stop&Go lækkar hitan á öllum hellum samtímis
- ✓ Gatmál BxD: 68 x 49 cm
- ✓ Tækjamál BxD 72 x 52 cm
- ✓ Fullt verð kr 159.900

BEINVAL
XXL 72 CM

KYNNINGARVERÐ KR. 99.900 SPARAÐU 60.000

ZANUSSI
ZCV-664MW Eldavél hvít
 Eldavél með keramik helluborði og XXL 74 lítra ofni, u.þ.b. 30% stærri en áður.

- ✓ 7 eldunarkerfi þ.á.m. blástur, undir- og yfirhiti, grill og gratínering
- ✓ 4 hellur þ.á.m. 1 stór hella
- ✓ Tvöfalt gler í ofnhurð
- ✓ 2 bökunarplötur, skúffa og grind fylgir
- ✓ Barnalæsing
- ✓ Orkuflokkur A
- ✓ Einnig fánleg í stáli (+10.000 kr)
- ✓ Zanussi er dótturmerki Electrolux
- ✓ HxBxD: 85/90 x 59,5 x 60 cm

74 L
XXL OFN
BLÁSTUR

STÁL KR 129.900
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. 119.900 FRÁBÆRT VERÐ

Electrolux
EKF-5220 Kaffivél stál
 Vaknaðu upp við ilminn af ný-löguðu kaffi þegar þú vilt. 24 tímaklukka ræsir vélin. Sjálfvirkur öryggisútsláttur eftir 120 mínútur.

- ✓ Aroma bragðstilling
- ✓ Kraftmikil með 1100W elementi sem tryggir rjúkandi heitt kaffi
- ✓ Burstuoðu stáli
- ✓ Verð áður kr. 14.990

KYNNINGARVERÐ 9.990 34% AFSLATTUR

Electrolux
EEWA-5200 Hraðsuðukanna 1 líter
 Þessi glæsilega hraðsuðukanna úr burstou stáli tekur 1 líter og sýður á mettíma með 2400W hitaelementi.

- ✓ Fullt verð kr 9.990

KYNNINGARVERÐ 6.990 30% AFSLATTUR

Electrolux
ESTM-4600 Tófraspoti
 Vandaður tófraspoti með sérhönnuðum hljóðdempuðum mótor. Stálfótur sem þolir að fara í heitan pott. Þeytari, hakkari og skál fylgir til að laða fram veislumati í eldhúsinu. Verð áður kr 11.990

Tilboð á EKF-5220 og EEWA-5200 gildir t.o.m. 31. ágúst

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
 Lokað laugardaga í ágúst

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
 Sími 5880500
www.rafha.is

MYNDASÝRPA: Gleðigangan í Reykjavík



GLIMMER Páll Óskar klæddist bláum pallfettusamfestingi og var umkringdur skrautlegum dönsurum á bílnum sínum í Gleðigöngunni.

Landsmenn fögnuðu fjölbreytileikanum

Gay Pride fór fram í höfuðborginni á laugardaginn og létu landsmenn vætusamt veðrið ekki á sig fá því fjölmennit var í miðbænum í tilefni dagsins. Gleðigangan var á sínum stað þar sem skrautlegir bílar og litríkir búningar skemmtu áhorfendum. Skemmtunin fór vel fram en gangan endaði svo á tónleikum á Arnarhóli þar sem meðal annars Páll Óskar, Sigríður Beinteinsdóttir og Helgi Björn komu fram. Ljósmyndari Fréttablaðsins, Daníel Rúnarson, festi hátíðarhöldin á filmu.



BORGARSTJÓRINN Jón Gnarr hefur verið fastagestur í Gleðigöngunni undanfarnin ár en þetta árið lýsti hann yfir stuðningi við rússnesku pönksveitina Pussy Riot og dreifði rósum til áhorfenda.



HAFNARFJÖRÐUR „Þú hýri Hafnarfjörður“ stóð á einum borðanum í göngunni.



STOLTAR FJÖLSKYLDUR Félag hinsegin foreldra lét sig ekki vanta í göngunni ár.



Í FARARBRODDI Fánaberar með bros á vör fremst í göngunni.

Sumardrykkurinn í ár



„Rabarbaradrykkurinn minn er sumardrykkurinn í ár. Hann bæði svalandi og hollur enda án viðbætts sykurs.“

Sella

BÓNUS

HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lifraent.is



HIMNESKT

Furðuleg uppákoma í Háskóla Íslands:

HÍ og stundakennararnir

Uppákoman með stundakennarann við Háskóla Íslands sem bætti við sig doktorsgráðu sem hann hafði þó ekki lokið er sérkennileg. Enn furðulegra er málið í ljósi þess að það kemst ekki upp fyrr en maðurinn hafði kennt í nokkur ár við skólann og hafði alltaf haldið því fram að hann væri með doktorspróf.

Það er einkennileg stjórnsýsla í háskóla að ganga ekki úr skugga um að starfsmenn hafi raunverulega þær gráður sem

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



þeir segjast hafa og raunar svólitíð kostulegt virðingarleysi við þessar gráður sem einmitt eru veittar af háskólum. Vissulega á fyrir fram að gera ráð fyrir að fólk séð heidarlegt í samskiptum og doktorsgráðan er auðvitað ekki heldur skilyrði til þess að fá að sinna stunda-

kennslu. Það er hins vegar ekki góð stjórnsýsla að staðreyna ekki grundvallarþætti sem þessa. Það ætti að vera búíð að skrifa það inn í ferli fyrir löngu og vinna eftir því.

Ef að er gáð er atvikið í guðfræðideildinni þó kannski í ágætu samræmi við það viðhorf sem virðist ríkja til stundakennara þar á bæ en svo virðist sem á þann hóp sé einfaldlega litið sem ódyrt vinnuafli. Þessum hópi er engu að síður treyst fyrir tæplega þriðjungi þeirrar kennslu sem fram fer við þessa virðulegustu menntastofnun landsins. Stundakennarar þurfa þó ekki, eða hafa hingað til ekki þurft, að framvísa prófskrifteinum eins og ætlast er til af háskólakennurum í föstu starfi.

Virðingarleysi gagnvart stundakennurum og störfum þeirra birtist líka í launakjörum þeirra. Laun stundakennara eru á bilinu frá rúmlega þúsund krónum á tímann upp í tæplega tvöþúsund krónur. Stundakennarar með doktorspróf (eða ætlað doktorspróf – miðað við nýjustu fréttir) eru sem sagt með tímalaua upp á innan við tvöþúsundkall sem er verulega undir þeim launum sem stundakennari í grunnskóla hefur, óháð menntun, og hafa laun grunnskólakennara þó ekki þótt vera himinhá.

Stundakennarar við Háskóla Íslands njóta ekki almennra réttinda fólks á vinnumarkaði, svo sem stéttarfélagssáðildar og réttinda til orlofs. Þeir hafa ekki sammingsrétt um kaup sitt og kjör heldur eru laun þeirra ákvörðuð einhliða af Háskóla Íslands. Starfsaðstæður þeirra eru einnig nokkuð tilviljanakenndar og aðstæður og kjör afar mismunandi eftir deildum. Háskólinn hefur þannig ekki samræmdar reglur um starf stundakennara.

Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að verða í hópi hundrað bestu háskóla í heimi. Það er metnaðarfullt markmið, svo ekki sé meira sagt, af háskóla í smáríki. Það andvaraleysi sem ríkir gagnvart þeim háskólakennurum sem sinna hartnær þriðjungi kennslunnar við skólann og birtist í launakjörum sem ekki er hægt að kalla annað en fátánleg, aðstöðuleysi stundakennara og svo í þeirri sjúkuðu stjórnsýslu að menn komist upp með að segjast hafa lokið gráðum sem þeir hafa ekki, er þó klárlega ekki lóð á vogarskálar þess háleita markmiðs.

FRÁ DEGI TIL DAGS


Hatursáróðurinn

Gott er að auglýsing Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Fréttablaðinu á laugardag hafi verið á milli tannanna á fólk, en boðskapur hennar var hinn ótótlegasti. Guðsorðamennirnir birtu lista yfir þá sem munu verða af því að erfa guðs ríki og á meðal þeirra voru kynvillingar, á sjálfri Gay Pride hátíðinni. Nú hefur verið upplýst að það hafi verið mistök að birta auglýsinguna án þess að auglýsandans væri getið. Eftir stendur þá boðskapurinn, en erfitt er að agnúast mikið út í hann. Birt var tilvitnun úr Biblíunni, en hún er

trúargrundvöllur íslensku ríkistrúarbragðanna sem njóta sérverndar í stjórnskrá. Það væri kannski ráð að skoða frekar hvaða boðskapur það er sem ríkið styrkir umfram aðra.

Glítsalir himnanna

Auglýsingin leiðir hins vegar hugann að kvæði Jóns Helgasonar: Ef allt þetta fólk fær í glítsölum himnanna gist / sem gerir sér mat úr að nudda sér utan í Krist. / Þá hlýtur að vakna sú spurning hvort mikils sé misst / þótt maður að síðustu lendi í annarri vist.



Innanhússpólítíkin

Stefán Ólafsson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, skrifar pistil á heimasíðu sína um ESB-umsóknina. Þar segir hann meðal annars að ef ekki takist að ljúka samningaviðræðum vel fyrir kosningar, ættu stjórnarflokkarnir að fresta þeim þar til staðan í Evrópu er ljósari. Þá gætu stjórnarflokkarnir notið betur ávaxta verka sinna hér heima. Hér er grímulaust haldið fram þeirri skoðun að ESB-umsóknin snúist aðeins um innanhússpólítík stjórnarflokkanna.



kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Mismunun starfsmanna sendiráða á Íslandi

Jafnréttismál



Guðlaug Kristjánsdóttir formaður Bandalags háskólanna

Íslenskir starfsmenn erlendra sendiráða á Íslandi búa við mismunun þegar kemur að réttindum í atvinnuleysi og fæðingarorlofi. Þessi mismunun kemur til vegna þess að samkvæmt íslenskum lögum greiða erlend sendiráð ekki tryggingargjald til íslenska ríkisins. Starfsmennirnir bera sjálfir ábyrgð á að standa skil á tryggingargjaldi af launum sínum, ef þeir vilja á annað borð njóta þeirra réttinda sem því fylgja. Einhver erlend sendiráð hafa tekið tillit til þessa við ákvörðun launa en alls ekki öll. Sumir starfsmenn í þessum sporum fá því hærri laun sem kostnaðinum nemur en aðrir bera hann sjálfir. Til samanburðar njóta íslenskir starfsmenn hjá íslenskum sendiráðum erlendis fullra réttinda og vinnuveitandi þeirra stendur skil á greiðslum tryggingargjalds. Erlendir starfsmenn í sendiráðum hérlendis eru að sama skapi tryggðir í heimalandi sínu og er staða þeirra mun skýrari en Íslendinga sem vinna með þeim. Ekki er um það mörgum orðum að fara, að þetta er skýr mismunun gagnvart íslenskum þegnum, sem vegna þess eins að

Þessi mismunun kemur til vegna þess að samkvæmt íslenskum lögum greiða erlend sendiráð ekki tryggingargjald til íslenska ríkisins.

þeir vinna hjá erlendu sendiráði á Íslandi, taka á sig 7-10% skerðingu á launum (eftir upphæð tryggingargjaldsins á hverjum tíma) eða verða af réttindum sem á tryggingargjaldi byggja. Brýn þörf er á því að íslensk yfirvöld taki á þessum vanda svo komið sé í veg fyrir þessa mismunun. Athygli stjórnvalda hefur áður verið vakin á þessu máli en engar úrbætur verið gerðar. BHM krefst þess að stjórnvöld leiðrétti þessa mismunun sem stafar af íslenskum lögum og gefi íslenskum starfsmönnum erlendra sendiráða möguleika á að njóta sömu kjara og annað launafólk í landinu.

AIKIDO

Japönsk bardagalist fyrir alla, **Ár múla 19**

7-12 ára: Mánud. og miðvikud. kl 17:00 hefst 27. ágúst

13 ára og eldri: 5 vikna námskeið hefst 13. ágúst

www.aikido.is

Upplýsingar: aikido@aikido.is - Sími: 6699374

Frelsið



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Við þurfum að endurheimta orðið „Frelsi“. Því var einn góðan veðurdag stolið af okkur, það var tekið í gíslingu og farið með það í mikla herleiðingu af áhugamönnum um óheilbrigða viðskiptahætti.

Þegar hofprestar markaðshyggjunnar tala um frelsi eiga þeir í rauninni bara við eitt: alræði auðsins. Rétt hins sterka. Réttinn til að fara sínu fram í krafti auðs. Réttinn til að auðgast nánast á hvaða hátt sem er. Réttinn til að nota þann auð á hvern þann hátt sem viðkomandi sýnist, hvað sem líður lífi annarra. Réttinn til þrælhalds.

Sameign okkar

Þetta er fjandsamleg yfirtaka á hugsjónum. Frelsihugsjónin er sameiginlegur arfur okkar allra, vinstri manna og hægri manna, íhaldsmanna og nýjungarsinna, bókabéusa og tölvubúra, trúlausra jafnt sem trúfólks – þetta er arfur meðal annars úr Frönsku stjórnarbyltingunni sem svo aftur var innblásin af stjórnarskrá Bandaríkjamanna – sem svo aftur átti sér alls kyns forsendur, langt langt aftur og djúpt í samfélagi og hugmynda lífi manna. Þetta er sú grundvallarhugmynd að við séum jöfn og eigum að hafa jafna möguleika til starfa og tjáningar; höfum sömu réttindi og skyldur gagnvart hvert öðru og að eitt helsta hlutverk samfélagsins sé að gæta þess að einstaklingar séu ekki beittir ofríki af öðrum. Frelsið var ekki fundið upp af Friedman eða Hayek. Það var ekki einu sinni fundið upp af John Stuart Mill sem þó skrifaði mikilvæga bók til varnar rétti einstaklinganna, burtséð frá stétt og fæðingarstöðu.

Í rauninni má segja að vinstri

stefna 19. aldar hafi kvíslast í ýmsar áttir. Í Danmörku heitir helsti markaðshyggjuflokkurinn Venstre, og er lengst til hægri á þeim mælikvarða sem okkur er tamt að nota; raunar er hófsamasti flokkurinn þar, hinn fullkomlega dauferði miðjuflokkur, kallaður „Radikale Venstre“, svo að kannski er þetta ekki síður til vitnis um einkennilega hugtaknotkun okkar gömlu herrahjóðar – en engu að síður er vert að muna að Venstre-flokkurinn á rót sína í baráttunni fyrir borgaralegum réttindum á tímum þegar Danmörku var stýrt með bráðabirgðalögum af harðstjóranum Estrúp í nánú samráði við einn af þessum kóngum sem Íslend-

sjálfstæðiskenndir en raunveruleg lífskjör almennings utan eða innan sambandsins. Lengi vel var orðið „frjálshyggjumaður“ einkum haft um frjálslýnt fólk í trúaræfnum, á tímum þegar fólk var beinlínis ofsótt fyrir að aðhyllast önnur trúarbrögð en lögboðna þjóðkirkju. Einkum var talað um „fríþenkjara“ í þessu sambandi: „Kann fríþenkjarinn segjast sæll / ... en er síbundinn sansapræll“ orti séra Jón á Bægisá snemma á 19. öld og átti við að sá sem þykist frjáls sé í raun ofurseldur sínum hvötum. Hann skildi ekki frelsisþrána; enda sú hugmynd býsna fjarri íslenskum þankagangi hins hefðbundna sveitasamfélags þar sem í reynd ríkti ánaud fátæks

Frelsið var ekki fundið upp af Friedman eða Hayek. Það var ekki einu sinni fundið upp af John Stuart Mill...

ingar tignuðu af óskiljanlegum ástæðum, Kristján níunda, sem enn stendur við Stjórnarráðið okkar eins og illa gerður hlutur enda gaf hann okkur ekki frelsið frekar en Friedman og Hayek fundu það upp.


Enn er það raunar svo að orðið „líberal“ – frjálshyggjumaður – er haft um það fólk í Bandaríkjunum sem aðhyllist hugmyndir og hugsjónir sem fremur er venja að kenna til vinstri en hægri. Fátt þykir verra á sjónvarpsstöðinni sem kennir sig við refskapinn, Fox, en að vera talinn frjálslýndur. Repúblíkanaarmur Sjálfstæðisflokksins er þá væntanlega líka andvígur frjálslýndi og aðhyllist stjórnlýndi í hugarfarsefnum og réttindum einstaklinga til ákvarðana um eigið líf og líkama.

„Kann fríþenkjarinn segjast sæll...“
Hugmyndaleg átök á Íslandi snerust lengi vel um trúmál fremur en borgaraleg réttindi, rétt eins og umræðan um Evrópusambandið snýst fremur um óljósar

fólks sem fjöttrað var í vistarband og ofurselt duttlungum hinna ríku og sterku. Saga 20. aldarinnar er ekki síst sagan um það hvernig tókst með samtakamætti launafólks að brjóta úr fjöturum fátækta og fáfræði og sækja með harðfylgi þau réttindi sem við búum við á okkar dögum. Af þeim réttindum er frelsið dýrmætast.

Frelsið á að nefna með sömu lotningu og Martin Luther King gerði, hin eina sanna frelsishetja Bandaríkjamanna á síðustu öld, og Paul Eluard, sem orti eitt-hvert áhrifamesta ljód seinni heimstyrjaldarinnar til Frelsisins á þeim tímum þegar Frakkar bjuggu við ófrelsi nasismans. Frelsið á ekki heima þarna úti á ysta hægri kanti þar sem það hefur mátt dúsa undanfarin ár svo maður sér jafnvel mætasta fólk tala um það með forakt. Við þurfum að endurheimta Frelsið úr klóm þeirra sem stálu orðinu og gerðu að samheiti við Markaðstrú og nauðhyggju um óskeikulleika „Markaðarins“.

Er ég pirrandi?



Ekki er nýtt að fullorðnir séu pirraðir á unglungum. Til eru ritaðar heimildir frá forn-Rómverjum þar sem ljóðskáld hneykslast á þessum „kærulausu unglungum“ og virðist það viðhorf ekki hafa breyst mjög mikið í árána rás. Oft er dregin upp sú staðalmynd af okkur unglungum að við séum löt, alltof háð tækninni og í fýllu út í foreldrana. Einnig að margir unglungar séu óheilarlegir. En er þetta rétt?

Ég tel að svarið við þessu sé nei. Flestir þeirra unglunga sem ég þekki stunda skólann af fullum krafti, auk þess æfa margir þeirra á hljóðfæri, stunda tónlistarnám, eða jafnvel hvort tveggja og fá samt góðar einkunnir og hafa einnig tíma til að hitta vini sína. Auðvitað er það erfitt og getur tekið mikið á en það sannar að ekki eru allir unglungar latir. Þegar hugsað er um tæknina þá verð ég að viðurkenna að það er eiginlega rétt. Margir unglungar eru háðir græjunum sínum, en ég held að við séum aðallega hrædd um að missa af einhverju, t.d. ef slökkt væri á símanum okkar.

En hvað með hegðun þjónustuaðila gagnvart börnum og unglungum? „Heyrðu! Farðu héðan! Þú ert örugglega að stela!“ segir augnaráðið sem margir unglungar hafa fengið er þeir ganga í gegnum verslanir. Einnig fá þeir oft verri þjónustu en fullorðnir t.d. í verslunum og fyrir-

tækjum. Þessu hafa margir eldri en þrettán ára lent í. Þetta fer náttúrulega líka eftir útlitinu, þeir sem klæða sig t.d. í götött föt, eru „goth“ eða „emo“ svo dæmi séu tekin, lenda frekar í því að vera vaktaðir stíft, en þótt margir klæði sig ekki þannig hafa þeir lent í því sama. Það er mjög óþægilegt og alveg ástæðu-

laust, því þó að einhverjir unglungar steli, þá eru þeir miklu fleiri sem eru strangheidarlegir. Við getum spurt okkur að því af hverju þessir forðomar eru og það er líklega af því að við heyrum mest um þá unglunga sem stela eða vinna einhver skemmdarverk.

Fréttastofur gera nefnilega oft meira úr fréttum sem hneyksla fólk, eða láta því bregða, t.d. um þjóffötta unglunga og skemmdarverk. Það eru margir unglungar sem ná mjög góðum árangri í skólanum, íþróttum eða tónlistarnámi o.s.frv. en fá samt ekki mikla umfjöllun. Augljóst er að það er ósanngjarnt og ég get fullyrt að mér og mörgum unglungum er ofboðið. Þetta ætti að vera akkúrat öfugt. Ég er þá að tala um að „góðu“ krakkarnir fengju meiri athygli sem væri þá gott fordæmi fyrir aðra.

Fullorðnir virðast oft vera pirraðir á unglungum, en muna þeir kannski ekki hvernig það var þegar þeir voru unglungar? Þá væri sníu-ugt fyrir þá að prófa að setja sig í spor barna og unglunga í ákveðnum atvikum og hugsa hvað þeir myndu vilja gera, eða að einhver gerði

fyrir þá, ef þeir lentu sjálfir í þeim aðstæðum. Á unglingsárunum erum við á milli þess að vera barn og fullorðinn og vitum oft ekkert hvernig við eigum að haga okkur. „Má ég vera barn núna?“ og „Þarf ég að axla ábyrgð og vera fullorðin? Hvenær á ég að fara að sinna skyldum fullorðinna?“ eru dæmi um spurningar sem við veltum fyrir okkur en vitum oft ekki svörin við.

Auðvitað er mikill munur á hegðun, útliti og skynsemi sjö og sautján ára barna...
.....

sjö ára barnið, en á allt öðrum sviðum lífsins. Þá skiptir miklu máli að fullorðnir sýni skilning og hjálpi ef unglungurinn þarf á að halda. Ekki með því að segja: „Þú mátt vera barn núna“ eða eitthvað því um líkt, heldur með því að setja gott fordæmi fyrir okkur yngri. Við gætum t.d. þurft leiðbeiningar við að setja upp ferilskrá, læra á bíl, fara sjálf að sækja um vinnu og margvísleg önnur félagsleg samskipti. Einnig væri sníuugt að íhuga það hvort fullorðnir einstaklingar hlusti virkilega á börn og unglunga, það að heyrna er nefnilega ekki það sama og að hlusta.

TILBOÐ Í ÁGÚST

Hér sjáum við aðeins brot af þeim bílum sem við erum með á tilboði í ágúst. Endilega kynntu þér tilboðsbíla á www.bilaland.is



GERÐU FRÁBÆR KAUP!



NISSAN Navara 4wd Double Cab se.
Árgerð 2007, ekinn 75 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.190 þús. kr. Rnr. 140059
TILBOÐSVERÐ 2.490 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



NISSAN Patrol Elegance
Árgerð 2007, ekinn 89 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 4.690 þús. kr. Rnr. 140909
TILBOÐSVERÐ 3.750 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



VW Transporter Double Cab pickup langur metan
Árgerð 2009, ekinn 17 þús.
Bensín, 5 girar.
Verð áður: 3.350 þús. kr. Rnr. 140984
TILBOÐSVERÐ 2.330 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



HYUNDAI Getz GLS
Árgerð 2007, ekinn 60 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.490 þús. kr. Rnr. 101652
TILBOÐSVERÐ 990 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



ISUZU D-Max
Árgerð 2007, ekinn 147 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.690 þús. kr. Rnr. 150600
TILBOÐSVERÐ 1.990 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



RENAULT Master millilangur
Árgerð 2007, ekinn 89 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.780 þús. kr. Rnr. 140543
TILBOÐSVERÐ 2.090 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



HYUNDAI Santa Fe 4x4 dísil
Árgerð 2006, ekinn 117 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.350 þús. kr. Rnr. 100126
TILBOÐSVERÐ 1.690 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



NISSAN Almera acenta
Árgerð 2004, ekinn 128 þús.
Bensín, 5 girar.
Verð áður: 790 þús. kr. Rnr. 150892
TILBOÐSVERÐ 650 þús. kr.

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og BREIÐHÖFÐA (Bílakjarninn)

bilaland
525 8000 - www.bilaland.is



Viðtækt samstarfsnet Icelandair auðveldar þér ferðina

Icelandair á eitt íslenskra flugfélaga í viðtæku samstarfi við fjölmörg flugfélög um allan heim í gegnum IATA samtökin. Þetta samstarf gerir það að verkum að þú getur keypt hjá Icelandair ferð með tengiflugi á alla helstu áfangastaði í heimi. Það er ekki aðeins einfaldara heldur er það öruggara því farþegar okkar sem ferðast alla leið á einum farseðli eru tryggðir gegn seinkunum og breytingum á ferðaáætlunum.



**ÖRUGG ALLA LEIÐ
MEÐ ICELANDAIR**



ICELANDAIR



Sjálfbær sóknarstefna

Efnahagsmál

Árni Páll Arnason
alþingismaður



Í fyrri greinum hef ég fjallað um þann góða árangur sem við höfum nú náð í efnahagsmálum og skýrt hvernig efnahagsstefna okkar og AGS bjó í haginn fyrir þann góða árangur. Lykilatriði var að við nálgðumst það erfiða verkefni að laga útgjöld að tekjum eftir Hrun á forsendum jafnaðarmanna: Við vildum sýna hagsýni húsmóðurinnar. Við vildum draga úr kostnaði eins og mögulegt væri, en ekki þannig að mikilvæg verkefni yrðu sett í hættu eða þjónusta skert umfram það sem ásættanlegt gæti talist.

Aðhald í ríkisrekstri verður auðvitað áfram nauðsynlegt. Við, sem viljum búa í réttlátu samfélagi þar sem ríkið tryggir jöfn tækifæri og félagslegt réttlæti, berum ábyrgð á því að reka ríkið með eins hagkvæmum hætti og kostur er. Ef við gerum það ekki, færur við andstæðingunum mikilvæg vopn til að grafa undan samneyslunni og veikja velferðarþjónustuna. Nýverið stakk einn varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins upp á því að ríkisútgjöld yrðu færð aftur til þess sem þau voru árið 1980. Sjálfstæðisflokkurinn kann því enn einn ganginn að vera að elta ranghugmyndir breskra íhaldsmanna, rétt eins og þegar þangað voru sóttar fyrirmyndir að markaðsvæðingu án samfélagslegrar ábyrgðar á fyrri tíð.

Við sem viljum verja félagslegt réttlæti og skynsamleg útgjöld til

velferðarmála getum því ekki talað eins og að við höfum nú höndlað hinn eilífa sannleik og að útgjöld til ríkisrekstrarins og umgjörð hans þurfi ekki framfarir endurmats við. Þvert á móti þurfum við að nýta öll tækifæri til að fara betur með og fá meiri og betri þjónustu fyrir minna verð. Þar eru mörg tækifæri. Sem dæmi má nefna að notendur kalla eftir sífelld meira frelsi í að ákveða hvernig þjónusta þeir fá, frá hverjum og hvenær. Hagsmunasamtök fatlaðra hafa gengið fram fyrir skjöldu í þessu efni. Aldraðir munu líka vilja ráða meiru um þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Í slíkum breytingum felast ný tækifæri til að gera hvort tveggja í senn: Auka vald fólks yfir eigin lífi og draga úr kostnaði við umgjörðina við þjónustuna, á sama tíma og þjónustan er bætt. Með þessum hætti þurfum við að halda áfram að endurmeta allan ríkisreksturinn, til að tryggja að þjónustan sé ávallt veitt með eins hagkvæmum og skynsamlegum hætti og kostur er.

Efnahagsbatinn frá Hruni er staðreynd, en hann byggir á viðkvæmum grunni. Vöxtur okkar hvílir á missterkum stoðum. Afgangur af viðskiptum við útlönd frá Hruni hefur ekki byggst á aukningu á útflutningi okkar heldur á minni innflutningi. Þegar hægði á hagkerfinu drógum við úr kaupum á erlendri neyslunni og við hættum að kaupa erlend tæki og tól í sama mæli og áður. Þegar hagkerfið kemst á fullt skrið má búast við aukningu á innflutningi. Þá skiptir miklu að útflutningur okkar aukist, ef áfram á að vera afgangur af viðskiptum við útlönd. Helstu útflutningsvörur okkar eru sjávarafurðir og ál. Magn þeirra verður ekki aukid svo auðveldlega á einni nóttu.

Við veidum ekki meira en ráðgjöf vísindamanna leyfir og það tekur langan tíma að reisa ný stóriðjuver og erfitt er orðið að finna orku sem hentar til slíkrar stórúppbyggingar. Ferðaþjónustan skilar miklu, en það eru líka takmörk fyrir því hversu hratt sú grein getur vaxið. Því skiptir miklu að við reisum traustari stoðir undir fjölbreyttari útflutningsgreinar. Fleiri þurfa að geta flutt út. Við getum ekki öll farið að framleiða ál, en við getum flutt út þjónustu og þekkingu. Efnahagslegur stöðugleiki, með lágum vöxtum og stöðugu gengi, er forsenda þess að okkur takist það verkefni.



Efnahagsbatinn frá Hruni er staðreynd, en hann byggir á viðkvæmum grunni.

Vöxtur okkar hvílir á missterkum stoðum.

Afgangur af viðskiptum við útlönd frá Hruni hefur ekki byggst á aukningu á útflutningi okkar heldur á minni innflutningi.

En stöðugleika er vandasamt að ná, þegar íslenskt efnahagslíf er í vöxtum hafta og lánsfé verður landinu og atvinnulífi dýrt og torsótt um mörg ókomin ár. Þá skiptir mestu að reisa sjálfbæra umgjörð um íslenskt efnahagslíf. Við getum ekki áfram byggt allt á lánunum. Við verðum að búa okkur undir að nýta betur landkosti og hæfileika okkar sjálfra, auka á nýsköpun í hverri grein og fjölga þannig tækifærum til verðmætasköpunar.

Í þessu samhengi er mikilvægt að horfa til þess hvernig grannar okkar, Norðmenn og Finnar, tóku á veikileikum í efnahagsþróun sinni eftir kreppuna í upphafi

tíunda áratugarins. Norðmenn reistu skynsamlega umgjörð um nýtingu náttúruauðlinda sinna og veittu einkafyrirtækjum aðkomu að þeirri nýtingu undir opinberu forræði og þannig að arður af nýtingu félli til samfélagsins. Ávinningurinn er ekki síst sá að draga úr áhættu ríkisins af atvinnurekstri og nýta betur það fé sem er bundið í opinberu eignarhaldi en nýtist að óbreyttu illa til verðmætasköpunar. Við þurfum líka að nýta okkur betur afl okkar ágætu lífeyrissjóða og finna þeim fjárfestingartækifæri í arðsamri uppbyggingu innviða. Af hverju á ríkið að flytja

greinum þarf pláss. Lítil skapandi fyrirtæki þurfa ekki skjall og innblásnar lofræður, heldur pláss til að vaxa og stækka. Ríkið getur stutt við slíka þróun með því að haga innkaupastefnu sinni þannig að upplýsingatækni, hönnun og ýmis stoðþjónusta sé aðkeypt í vaxandi mæli. Af hverju rekur ríkið fjölmörg mótuneyti í miðbænum, mitt í þyrpingu helstu matsölustaða landsins sem glíma við þann stærsta vanda að lifa af vetrarmánuðina? Öflugar útflutningsgreinar verða ekki til nema við styðjum við þær hér heima fyrir. Og þær þurfa markaðsaðgang. Þannig eignum við ónýtt gríðarleg sóknarféari í landbúnaði, sem aldrei verða að veruleika nema við fáum hindrunarlausan markaðsaðgang að Evrópu-markaði.

Á þessu hangir margt. Fyrirsjáanlegt er að vaxandi útgjaldaþrýstingur verður á næstu áratugum, eftir því sem þjóðin eldist, enda enn ekki búid að koma öllum lífeyrisskuldbindingum ríkisins í það horf að við eignum fyrir þeim. Við þurfum að létta á þeim þrýstingi. Ef við náum að að sýna afgang af rekstri ríkisins um mörg ókomin ár dafnar atvinnulíf í landinu, vaxtastyrir lækkar og dregur úr skattbyrði. Við flýtum því líka að gjaldþyrshöft verði afnumin. Við drögum úr erlendri lánsfjárför og þar með vaxtagreiðslum úr landi. Aukinn kraftur í fjölbreyttari útflutningsstarfsemi fjölga þeim stoðum sem hagkerfið hvílir á. Við þurfum að koma íslensku efnahagslífi aftur í samband við hið alþjóðlega efnahagsumhverfi og nýta aðgang að mikilvægum mörkuðum til að fjölga tækifærum.

Það er hin sjálfbæra sóknarstefna nýrra tíma.

Allir með Strætó?

Samgöngur

Drengur Óla Þorsteinsson
markaðsstjóri



Ég þakka forsvarsmanni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Þorvarði Hjaltasyni, hlý orð í minn garð í frétt RÚV 1. ágúst. Þó svo ég sinni starfi mínu hjá Bílum og fólki ehf. eftir bestu getu þá get ég ekki tekið heiðurinn af því að rekstur sveitarfélaganna á áætlunarbílum eftir þjóðvegum landsins gangi ekki sem skyldi. Vissulega stöndum við í markaðssetningu, en kostnaður fyrirtækisins við hana er ekki mikið meiri en dagsvelta Strætó bs. (samkvæmt fundargerð Borgarráðs). Ekki er okkar markaðssetning heldur miðuð að því að tæla almenningur úr bílum Strætó yfir í okkar eigin. Við stundum ferðaþjónustu og okkar helsta vara eru svokallaðir hringmiðar. Við förum til dæmis með hringmiðafarþega inn á atvinnusvæði útsvarsgreiðenda á Suðurlandi.

Sem dæmi um hringmiða má nefna Full Circle Passport, en með honum geta ferðamenn farið í langferðabíla Sterna (og samstarfsaðila) hringinn í kringum landið, eftir þjóðvegi eitt, með eins mörgum eða fáum stoppum og neytandinn vill. Ólíugjaldið sem við greiðum gengur upp í háan kostnað sem hlýst af viðhaldi vegakerfisins en stórir bílar, svo sem strætisvagnar Strætó bs. slíta yfirborði veganna hraðar en venjulegir fólksbílar. Fyrirtækið er, auk þess að greiða ólíugjald, ólíkt Strætó bs., með hópferðaleyfi. Sé það ekki nóg þá erum við einnig með ferðaskipu-

leggjendaleyfi. Við erum sem sagt í fullum rétti í okkar markaðssetningu og höfum öll tilskilin leyfi til okkar aksturs, auk þess sem við leggjum sérstaklega til í samneysluna með olfugjaldu.

Hvers vegna hafa áætlanir Strætó í farþegaflutningum ekki gengið eftir? Kannski voru þetta ekki nægilega góðar áætlanir. Á hvaða reynslu byggði Strætó? Sennilega hefðu ráðleggingar frá Bílum og fólki ehf. verið auðsóttar enda höfum við ávallt verið miklir áhugamenn um almenningssamgöngur og fyrirtækið stendur í og hefur staðið í áætlunarakstri um árabil auk þess sem innan fyrirtækisins starfar hópur karla og kvenna sem mörg hver hafa áratuga reynslu af rekstri sem þeim er Samband sunnlenskra sveitarfélaga telur útsvarstekjum sínum best borgið í að sinna.

Mínar ráðleggingar eru fyrst og fremst þessar; a) miðið áætlanir við þarfir farþeganna, ekki við þarfir fyrirtækisins, b) hafið áætlanaöflur aðgengilegar og læsilegar, bæði á stoppstöðvum og á heimasíðunni, c) starfsfólk þarf að tileinka sér þjónustuvíðmót og hjálpa

viðskiptavinum í hvívetna eftir bestu getu, d) stundið samkeppni þar sem hana er að finna en ekki ímyndaða líkt og Strætó telur sig verða fyrir af okkar hálfu í Landeyjahöfn. Við keyrum ekki þangað nema með erlenda dagsferðafarþega í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Eyjum. Samkeppnin er hins vegar við önnur samgönguform.

Rangt er einnig að við leggjum fyrir af stað en Strætó. Við förum ekki á fætur fyrir en um klukkan sjö á morgnana og missum af Strætó fyrir vikið, líkt og ég ímynda mér að sé raunin með marga mögulega viðskiptavinum.

NÝTT
★ ★ ★ ★

HLEÐSLU SKYR

100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

RÍKT AF MYSUPRÓTEINUM

HLEÐSLUSKYR ER HOLL NÆRING. ÞAÐ HENTAR VEL Í BOOST-DRYKKI EÐA SEM MÁLTÍÐ OG ER RÍKT AF MYSUPRÓTEINUM. SMAKKADU ÞAÐ HREINT EÐA BRAGÐBÆTT.

LÍFIÐ ER ÆFING - TAKTU Á ÞVI

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GAMALDAGS KVEÐJA

Á vef Þjóðminjasafnsins, thjodminjasafn.is, er hægt að senda vinum og ættingjum rafræna heilla-ósk með gamaldags korti, hvort sem senda á afmælis-, sumar- eða jólakveðju. Öðruvísi kort sem auðvelt er að senda um allan heim í gegnum netið.

OTTO CHEMIE

Steinhleðslulím

Péttiefni - Límeftni

Sérhannað úreþan lím sem hefur gefist vel við límingar á veggheðslum, köntum og fl. Mikið togþol og hægt að líma í raka. Hentar einnig fyrir málma.



Eigum einnig til önnur lím og péttiefni í úrvali.

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is



HLJÓMFAGUR GRIPUR

ERFÐAGÓSS Nanna Elísa Snædal flutti nýverið inn með vinkonu sinni, Sigurlaugu Söru Gunnarsdóttur, í eigin íbúð í fyrsta sinn. Heimanundurinn frá móður hennar var forlata plötuspilari sem hún erfði frá ömmu sinni.

Nanna Elísa Snædal er 22 ára lögfræðinemi sem nýverið flutti að heiman í fyrsta sinn í eigin íbúð. Með henni býr vinkona hennar, Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir. „Sambúðin gengur rosalega vel. Það er alltaf verið að spyrja okkur svo það er ágætt að það komi fram,“ segir hún og hlær. „Það vantar reyndar enn þá hurð á herbergið hennar Söru en það er allt í lagi.“

HEIMANMUNDUR FRÁ LANGÖMMU Eftirlætishlutur Nönnu er plötuspilari af tegundinni Sonora, en hann vann til gullverðlauna árið 1915 á heimssýningunni í San Fransisco. Spilarann fékk Nanna sem heimanmund frá móður sinni. „Hann kom í fjölskylduna árið 1920. Langamma mín og langafi áttu hann og hann var í stöðugri notkun fram á sjötta áratuginn,“ segir Nanna og bætir við: „Hljómurinn er óaðfínanlegur.“ Auk þess er hann stórglæsilegur.

„Mamma hlustaði gjarnan á Ó, Jesús bróðir besti hjá ömmu sinni í spilaranum í æsku og erfði hann frá henni síðar,“ segir Nanna sem þykir vænt um hann. „Ég heyrði Bítlanu í fyrsta skipti hljóma í þessum spilara,“ segir hún og hlær.

Spilarinn er raunar ekki í mikilli notkun á heimili þeirra vinkvenna en ástæðan er einföld: „Hann spilar bara 78 snúninga plötur en við eigum bara 45 snúninga,“ útskýrir Nanna en segir þær ætla að reyna að bæta úr því sem allra fyrst.

PIANETTAN OG KVÖLDSÖNGUR Eftirlætishlutur Söru á heimilinu er einnig tónlistartengdur. „Hann er reyndar í minni eigu,“ segir Nanna og hlær. „Það er pianettan mín. Ég ætlaði að selja henni hana fyrir löngu síðan en það dróst og svo fluttum við inn saman og hún slapp við að borga!“ Þær stöllu njóta báðar góðs af pianettunni og sitja gjarnan og syngja saman á kvöldin. ■ halla@365.is

SAMSÖNGUR Nanna og Sara eiga oft en ekki góðar stundir saman við pianettuna.



ERFÐAGRIPUR Nönnu þykir afar vænt um plötuspilarann sem hún fékk frá mömmu sinni þegar hún kvaddi heimahúsin.

12 volt díóðuljós

Eyða allt að 90% minni orku en halogen Tilvalið fyrir sumarhústaði með sólarorku



12v 2,5w



12v 1,66w



12v 1,66w



12v 1,3w



12v 1,3w



12v 1,0w



12v 1,2w



12v 3,0w



12v 1,0w

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

SUMAR ÚTSALA

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

Gerð gæða- og verðsamanburð

*3,5% lántökugjald

Svefn & heilsa



www.svefn.is

20-50% AFSLÁTTUR

Lök, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, gaflar, náttborð, teppasett og fleira.


SAGA/FREYJA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA/FREYJA
Queen rúm, nú aðeins 129.900
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins 149.900

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. 179.900

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x80x200

339.900 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt


RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

ALLIR Í BERJAMÓ

Ber eru holl og góð

Nú er tími berjatíslu að renna upp og margir farnir að huga að því að koma sér í berjamó. Ferð í berjamó er tilvalin fyrir fjölskyldur að fara í saman því stórir sem smáir geta lagt hönd á plóg við tínslna, hvort sem tínt er beint upp í munn eða í fötu til að fara með heim. Hollusta berja er ótvíræð og hafa bláber meðal annars verið kölluð ofurfæða. Þau eru rík af vítamínum, steinefnum og andoxunarefnum. Krækiber og aðalbláber eru einnig trefjarik en trefjaefni eru nauðsynleg fyrir eðlilega meltingu. Ber geymast vel í frysti og gott er að eiga poka með berjum til að grípa í þegar blanda á þeytinga, setja út á jógúrt eða nota í bakstur. Að sjálfsgöðu er líka upplagt að sulna úr berjunum.



S A F T

KOMDU FRAM VIÐ AÐRA
Á NETINU EINS OG ÞÚ VILT LÁTA
KOMA FRAM VIÐ ÞIG

Heimili og skóli

www.saft.is



Hiti í bústaðinn

Ryðfríir neysluvatnshitarar, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitarar til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitarar fyrir heita potta




Rafhitun íslensk framleiðsla í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is



HESTAMAÐUR
Jakob er hér með stóðhestinn Grunn frá Grund sem Örn Stefánsson á.

STÁLSMÍÐI OG HESTAMENNSKA SAMEINUÐ

HAGLEIKSSMÍÐUR Jakob Lárusson hefur um nokkurn tíma smíðað hringamél upp í hesta og skreytt þau í anda goðafræðinnar.

Jakob Lárusson stálsmiður hefur sameinað áhugamál sín, stálsmíði, hönnun og hestamennsku, með því að smíða hringamél úr ryðfríu stáli upp í hesta. Hringamélin eru skreytt í anda goðafræðinnar. „Goðafræðin og Hávamál hafa alltaf heillað mig og er Hávamál grafið í hringina, en hinn há er Óðinn og er kvæðið lífsspeki hans,“ segir Jakob.

Árið 2002 útskrifaðist Jakob sem tamningamaður frá Hólaskóla. Hann segir að eitthvað hafi smellið saman hjá sér þegar Eyjólfur Ísólfsson yfirreiðkennari sýndi bekknum margar gerðir af beislisstöngum og mélum og hálfkláraðar stangir sem hann var að hanna. „Þarna hugsaði ég að ég sem stálsmiður og hestamaður ætti að geta hannað og smíðað hringamél og stangir. Síðan þá hef ég verið með hugann við þetta.“

Jakob smíðaði mélin eftir uppáhalds málunum hans Antons P. Nielssonar, kennara á Hólum. „Þessi mál reyndust svo vel að slegist var um þau við tamningar. Þegar þau slitnuðu spurði Anton hvort ég gæti ekki smíðað eins mál og þau gömlu, helst tvö. Það gerði ég en í leiðinni skreytti ég mélin í anda goðafræðinnar. Í dag eru öll hringamél og



stangir flutt inn til landsins. Allt látlaust í útliti og smíðin misjöfn. Mér finnst að hringamél, þó aðallega beislisstangir, ættu að sameina vandað handverk og gott notagildi,“ segir hann.

Í vetur ætlar Jakob að smíða beislisstangir sem hann hefur verið að hanna undanfarin þrjú ár. Þær verða tileinkaðar Sleipni, hesti Óðins. „Núna er ég að smíða tvískipt mál sem verða skreytt með rúnaletri og hamrinum hans Þórs, Mjölni.“

Jakob hefur smíðað mál eftir þöntunum en hann segist ekki geta gætt mikilli eftirspurn. „Ég merki það sem ég smíða með fangamarkinu mínu, ártali og merki það líka eigandanum, þannig að hver hlutur er sérstakur.“ ■ lilja.bjork@365.is

HRINGAMÉL
Einbrotin mál með höggormum og texta úr Hávamálum sem Jakob smíðaði. Honum finnst að hringamél eigi að sameina vandað handverk og gott notagildi.

HEIMA VIÐ | NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR MATGÆÐINGUR

SKEMMTI MÉR BEST Í BORDSTOFUNNI

■ Ný bók, Múffur í öll mál, kemur út á næstu dögum eftir matgæðinginn Nönnu Rögnvaldardóttur. „Þetta er lítill bók um múffur af ýmsu tagi, hollar morgunmúffur, nestismúffur, múffur með kaffinu, múffur til að hafa í kvöldmatinn og meira að segja múffur fyrir hunda og ketti,“ segir Nanna sem fékk það hlutverk að svara nokkrum spurningum um eigið heimili.

Stendur þú í einhverjum framkvæmdum þessa dagana á heimilinu eða hefur nylokið við? Ekki þessa stundina, nei (nema ég réðist á þvottafjallið um daginn og straujaði heil ósköp. Það eru framkvæmdir á minn mæliskvarða en kannski ekki annarra).

Eitthvað slíkt á dagskránni? Já, það er farið að bráðleggja á að skipta um eldhúsinnréttingu, hún er að detta í sundur.

Ertu dugleg að breyta og bæta heima við? Ég er dugleg að bæta við (dóti). En breyta og bæta heima við... nei.

Er einhver hlutur sem þig langar sérstaklega mikið í þessa dagana? Nýtt rúm. En þegar ég loksins kem mér í eldhúsfarmkvæmdirnar langar mig ógurlega mikið í nýjan stóran ísskáp.

Hver er uppáhaldshluturinn þinn í eldhúsinu? Steypujárnspannan mín, held ég. Eða -pönnurnar, ég á nokkur stykki.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn á heimilinu? Borðstofan, því þar skemmti ég mér með gestum og þar er líka meirihlutinn af matreiðslubókasafninu.



MATARKONA
Nanna Rögnvaldardóttir.



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

BESTU BROTTIN ÚR ÞÁTTUM BYLGJUNNAR

BYLGJAN 989

vísir - oft á dag

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
sölufulltrúi og lögg. leigumíðlari



Gústaf Adolf Björnsson
lögg. fasteignasali



Ruth Einarssdóttir
sölufulltrúi



Ásdís Írena Sigurðardóttir
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opíð mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500



Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN BÆR

www.fasteignasalan.is

Viltu selja?

Vegna mikillar sölu vantar mig 2ja og 3ja herbergja íbúðir í hverfum 101 og 105 Reykjavík. Ákveðnir kaupendur bíða eftir réttu eigninni.

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772 eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772



Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir

Sumarhús í Vaðnesi

Fasteignamarkaðurinn kynnr: Mjög fallegt og vandað fjögurra herbergja heilsárs hús í Vaðneslandi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Hitaveita er á staðnum.

Um er að ræða snyrtilegt og vandað 56 fm heilsárs- sumarhús við Birkibraut í Grímsnes- og Grafningshreppi með góðri hitaveitu ásamt 5000 fm fallettri birkivaxinni eignarlóð á skipulögðu sumarhúsa- svæði á jörðinni Vaðnesi í Grímsnesi.

Húsið er byggt árið 1995. Það er vel skipulagt og skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofu og geymslu. Parket er á öllum gólfum nema á baði sem er dúk- lagt.

Góð verönd er við húsið með heitum potti og fallettu útsýni.

Frá Reykjavík er um 50 mínútna akstur í bústaðinn. Stutt er í gólfvelli, sundlaug, leikvöll og fallegar gönguleiðir. Selfoss er í



Snyrtilegur sumarhústaður í Vaðnesi sem er 56 fermetrar með góðri verönd.

um 10 mínútna akstursfjarlægð og því er stutt í alla þjónustu.

Bústaðurinn liggur vel við ferðum til þekktara staða á Suðurlandi, svo sem til Þingvalla, Gullfoss og Geysis, Skálholts,

Laugarvatns og Kersins. Kostnaður við hitaveitu og rafmagn er í kringum 75.000 á ári.

Nánari upplýsingar fást hjá Fasteignamarkaðnum, í síma 570 4500.

SAFT



HVETTU BARNIÐ TIL AÐ VERA GÆTID ÞEGAR ÞAÐ VEITIR PERSÓNULEGAR UPPLÝSINGAR Á NETINU



www.saft.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Laugaból – 270 Mosfellsdalur



Garðyrkjubýlið Laugaból, lögbýli í Mosfellsdal. Um er ræða garðyrkjustöð með 215,1 einbýlishúsi, 55,8 m² bílskúr ásamt 6 gróðurhúsum, samtals ca. 2.100 m², á 23.420 m² skógvaxinni eignarlóð. Jörðin stendur við Reykjalhlíðaraleggjara í Mosfellsdal. Mikill trjágróður er á jörðinni. Hér er einstakt tækifæri fyrir aðila að eignast fallega jörð í Mosfellsdal. V. 120 m.

Kristnibraut 6 - 113 Reykjavík



Mjög falleg 118,0 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi, með miklu útsýni við Kristnibraut 6 í Grafarholti. Eignin skiptist í hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. V. 28,9 m.

Laugarnesvegur 92, íbúð 101 - 105 Reykjavík



Falleg 3-4ra herbergja íbúð á 1. hæð í 4ra hæða fjölbýli við Laugarnesveg í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofuhol, flísalað baðherbergi, barnaherbergi, gott hjónaherbergi, lokað eldhús og tvær samliggjandi stofur. V. 22,5 m.
Opíð hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00



Efstasund 66 - 104 Reykjavík
169,3 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi, ásamt 37,8 m² bílskúr við Efstasund 66 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í fimm svefnherbergi, tvær stofur, forstofu, tvö baðherbergi, eldhús og þvottahús. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 35,9 m.

3 ÍBÚÐIR EFTIR



Háholt 4A – 270 Mosfellsbær
Fallegar 91,8 og 94,9 m², 3ja herbergja íbúðir með sér inngangi á 2. og 3ju. hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi við Háholt 4A í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðirnar afhendist fullbúnar með innréttingum en án gólfefna í stofu og herbergjum, flisar eru á baðherbergi, þvottahúsi og í forstofu. V. 22,0 – 23,0 m.



Lágholt 21 - 270 Mosfellsbær
Mjög fallegt og mikið endurnýjað 223,7 m² einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Lágholt 21 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, gestasalerni, geymslu, eldhús, stofu, borðstofu og sjónvarpsstofu. Bílskúrin er 30,4 m². V. 49,5 m.

Esjgrund - 116 Kjalanes



Fallegt 220,3 m² einbýlishús á glæsilegri sjávarlóð með miklu útsýni við Esjgrund 55 á Kjalarnesi. V. 41,5 m.



Blikahöfði 3 - 270 Mosfellsbær
Falleg 84,6 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Blikahöfða 3 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 19,9 m.



Leifsgata 21 - 101 Reykjavík
Rúmgóð og vel skipulögð 113,7 m², 4-5 herbergja íbúð á jarðhæð við Leifsgötu 21 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 27,9 m.



Lofnarbrunnur 18 - 113 Reykjavík
199 m² parhús á 2. hæðum með innbyggðum bílskúr við Lofnarbrunn 18 í Úlfarsfelli. Eignin er rúmlega tilbúin til innréttinga. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 34,9 m.



Lambastekkur 3 - 109 Reykjavík
Mjög glæsilegt og mikið endurnýjað 245,6 m² einbýlishús á 2. hæðum ásamt 36,7 m² bílskúr við Lambastekk 3 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 67,0 m.



SÉRBYLI



Asparharf- Kópavogi

Afar glæsilegt og vandað 243,1 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 34,6 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað við Elliðaavatn. Húsið er innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta. Instabus rafkerfi er í húsinu. Innihurðir eru allar extra háar. Innréttingar eru sérsmíðaðar, hvítar og úr bæsaðri eik. Gólfefni eru hvíttaður askur og flisar. Þrjú svefnherbergi. Auðvelt t er að innrétta eitt stórt svefnherbergi í viðbót í stað sjónvarpsstofu á neðri hæð. Lóðin er með miklum hellulögðum veröndum. Falleg lýsing utan á húsinu og á lóð. **Verð 73,9 millj.**



Tjaldanes – Garðabæ

Mikið endurnýjað 256,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórt hol/arinstofa með útgangi á verönd til suðurs. Stórar samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með vönduðum hvítum innréttingum. Hjónaherbergi með fataherbergi innan, forstofuherbergi og tvö barnaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan sl. ár. Stór eignarlóð sem snýr til suðurs. **Verð tilboð**



Fjögurgrandi.

Fallegt 296,8 fm. raðhús sem er kjallari, tvær hæðir og ris í vesturbæ Reykjavíkur. Eignin var nánast endurnýjuð á árunum 2005 og 2006 m.a. sérsmíðaðar innréttingar, gólfefni og allar hurðir. Allar pipulagir, rafmagn og öll lýsing endurhönnuð. Arinn í stofu. Fimm herbergi. Aukin lofthæð í hjónaherbergi og sér badherbergi þar innan. Húsið er stærra sem nemur risinu. Lóð með timburverönd til suðurs. **Verð 73,5 millj.**



Ólafsgesli

Stórglæsilegt og afar vandað 240,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á stórrí og viðhaldslitilli hornlóð á frábærum útsýnisstað í Grafarholtiinu. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í öllum loftum. Stórar samliggjandi stofur. Hjónasvita með fataherbergi og badherbergi innan. Húsið er klætt með íslensku libarítí. Falleg lýsing á lóð og húsinu að utan. Arkitekt hússins er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Ellen Tyler. Fallegt útsýni úr stofum yfir gólfvöllinn og borgina. **Verð 93,0 millj.**



Jakasel -Einbýlishús á útsýnisstað

Vandað og vel skipulagt 331,4 fm. einbýlishús á fallegum og grónum útsýnisstað. Eldhús með stórrí eyju og vönduðum innréttingum. Stórar samliggjandi stofur með arni og útgangi á svalir. Sex svefnherbergi. Þrjú badherbergi. Tvöfaldur bílskúr. Tvennar svalir. Glæsileg verðlaunalóð með stórum víðarveröndum, skjólveggjum og hitalögnum í hellulagðri innkeyrslu. **Verð 72,9 millj.**



Kringlan – endaraðhús

Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stórrí eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Afgirt og skjólögð lóð með stórrí verönd.



Unnarbraut - Seltjarnarnesi

320,2 fm. heil húseign með tveimur íbúðum á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin skiptist í 160,0 fm. 5 herbergja efri sérhæð ásamt 37,8 fm. geymslu á jarðhæð og 39,0 fm. bílskúr. Á neðri hæð er 83,3 fm. 3ja herbergja íbúð með séringangi. Frá efri hæð er frábært útsýni til suðurs og vesturs. **Vel staðsett eign sem býður upp á mikla möguleika. Verð 67,0 millj.**



Klapparberg. Einbýlishús á frábærum stað niður við Elliðaárnar

Fallegt og afar vel staðsett 197,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum auk 30,0 fm. bílskúrs. Á neðri hæð eru forstofa, gestasnyrtung, samliggjandi stórar stofur með arni, sólskáli með útgangi á lóð, rúmgott eldhús og þvottaherbergi. Á efri hæð eru sjónvarpsstofa, þrjú rúmgóð svefnherbergi auk fataherbergis og nýlega endurnýjað badherbergi. **Staðsetning hússins er frábær niður við Elliðaárnar og fallegt útsýni er til fjalla. Verð 49,5 millj.**



Móaflöt-Garðabæ

Fallegt og vel staðsett 213,6 fm. einbýlishús með 50,4 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið var nýlega stækkað og nánast algjörlega endurnýjað hið innra. Nýtt eldhús með vönduðum tækjum, bæði badherbergi endurnýjuð, öll gólfefni og settur gólfhliti í húsið o.fl. Fjögur svefnherbergi. Ræktuð lóð og visar til suðurs með útsýni út í hraunið. **Verð 66,9 millj.**



Kirkjutorg

Fallegt 139,3 fm einbýlishús í hjarta miðborgarinnar. Húsið er friðað í B-flokki (ytra byrði) og hefur allt verið endurgert í upprunalegri mynd á síðustu 10-15 árum í samvinnu við Árbæjarsafnið. Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris og skiptist m.a. í opið eldhús, 2 stofur og 4 herbergi. Svalir í suður sem snúa að Tjörninni. Hellulögð lóð.



Hamraberg

Mikið endurnýjað 128,2 fm. parhús á tveimur hæðum með góðum afgirtum garði í rólegu og barnvænnum hverfi í efra Breiðholti. Búið er að endurnýja eldhús og badherbergi. Þrjú herbergi. Badherbergi með hornbáðkari og sturtuklefa. Gólfhliti í allri neðri hæðinni. Garður með góðum veröndum. **Verð 37,3 millj.**



Jónsgesli

Mjög fallegt og vel skipulagt 237,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað í Grafarholtiinu. Rúmgóð stofa, stórt sjónvarpshol og 4 svefnherbergi auk fataherbergis. Allar innihurðir, parket og innréttingar eru úr eik. Verulega aukin lofthæð á efri hæð og lofthæð á neðri hæð er 2,6 metrar. Hús nýlega málað að utan og lóð nýlega endurnýjuð. Miklar verandarir og skjólveggir. **Verð 67,5 millj.**

4 - 6 HERB.



Fjölisvegur- efri sérhæð

